



FERTUGASTA STARFSÁRI samtakanna er að ljúka

Hamingjuóskir og kærar þakkir frumherjar, sporgöngumenn og félagar

Það er munaður að halda ró sinni í miðri óreiðunni

(Virginia Woolf 1931)

Með hugann við fjárhagslega stöðu og afkomuna Samtaka aldraðra sem aldrei hefur verið í skila- eða skuldavanda á 40 ára starfsferli, er munaður að geta haldið ró í miðri óreiðunni og byggt glæsilegt 58 íbúða hús á Sléttuvegi 29-31. Þvílíkur munaður. Að fortíð skal hyggja er framtíð skal byggja! Það því nauðsynlegt á þessum tímamótum að skoða eins vel og mögulegt er forsorgar sögu aldraðra og tilurð og stöðu þeirra velferðarsjóða sem aldraðir búa við í dag, um leið og upphafin er stofnsaga Samtaka aldraðra 1973.

Skoðum skoðanir frumherja

Fimmtudaginn 29. mars 1973 var haldinn stofnfundur að Samtökum aldraðra og eftirlaunafólks, í Glæsibæ kl. 8.30 samkvæmt auglýsingu í Morgunblaðinu sama dag. Verkefni þá, eins og reyndar nú, til að bæta kjör og aðbúnað aldraðra voru óþrjótandi og var ómetanlegt að hafa þá í stafni það öfluga forystufólk sem boðaði til fundarins. Það er ekki síst að þakka þeirri kynslóð sem þetta gerði fyrir að hafa lagt grunninn að þeim lífsgæðum sem við Íslendingar búum við í dag og

gerðu þjóð okkar samkeppnishæfa og hamingjusama. Þá varð mönnum líka orðið ljóst að bjóða yrði eldri borgurum upp á búsetukosti sem hæfðu þörfum þeirra og ekki síst sjálfsvirðingu á ævikvöldi. Elliheimilisformið, með sviptingu sjálfstæðis og sjálfræðis, eða verða íþyngjandi á heimilum barna sinna var ekki lengur bjóðandi eldri né yngri borgurum ríkrar þjóðar, því vegna síaukinnar atvinnuþátttöku húsmæðra og kvenna varð aðhlyning í heimahúsum erfið.

Fundinn auglýsti **Auðunn Hermannsson** fyrir hönd fundarboðenda. Fundinn sóttu um tvö hundruð manns. Fundarstjóri var tilnefndur **Guðmundur H Garðarsson** og ritari **Gyða Jóhannsdóttir**. Framsógu í málinu hafði Auðunn Hermannsson og skýrði frá tilgangi með stofnun þessara samtaka. Lagði hann áherslu á að fólk tæki höndum saman og geri tilraun til úrbóta í málefnum aldraðra, sem og að byggja íbúðir sem miðaðar væru við þarfir aldraðra. Lagði hann til að samtök þessi næðu til landsmanna allra og á vegum þess yrðu einnig reist hjúkrunarheimili. Fékk Auðunn mjög góðar undirtektir.

Ofaukið?

Nýlega hafa tveir yfirlæknar sjúkrahúsa í Reykjavík, dr. Friðrik Einarsson yfirlæknir í Borgarsjúkrahúsinu og dr. Bjarni Jónsson yfirlæknir Landakotspítala, skrifað um þau miklu vandræði, sem eru vegna vöntunar á hjókrunarplássi fyrir aldrað, lasburða og sjúkt fólk. Báðir þessir yfirlæknar þekkja gjörla hvornig málin standa. Ber að þakka þeim greinarnar, sem verða vonandi til þess, að farið verður að sinna þessum málum betur en gert hefur verið.

Annars er ég vondufur um að nokkur breyting verði á

þessu næstu árin. Ástæðan er sú, að menn vilja almennt ekkert vera að því að hugsa mikið um framtíðina — hvað þá ellina — hún er svo óralengt í burtu — og þegar þar að kemur, þá eru þeir færir í flestan sjó að sjá um sig og sína. —

Hvað verður um hann Jón? — þá varðar ekkert um hann Jón. — Þannig hefur þetta verið í áratugi og verður enn — óf-að. — Ungu fólkio skilur ekki vandræðin — stjórnáamennirnir telja flestir í atkvæðum og þeir gefa meira fyrir unga fólk íó — ennþá. En ef þeir færu nú að athuga kjörskrána betur, þá

kæmst þeir að þeirri niðurstöðu, — að sums staðar í landinu, að minnsta kosti, er eldra fólkio nokkuð margt í prósentum á kjörskránni. Á Siglufirði eru 15% kjósenda 67 ára og eldri. Á Eyrarbakka eru það 20%, Neskaupstað 12,5%, Sauðárkróki 14,8%, Akureyri 13,39% og í Reykjavík 13,5%. Aldursflokka 65 og 66 vantar til viðbótar og hækkar þá prósentutalan nokkuð.

Líklega er tími kominn til fyrir aldraða fólkio í landinu að fara að rumska og reyna að vinna skipulega að sínum framtíðarmálum. Í Hafnarfirði er Styrktarfélag aldraðra 5 ára gamalt, en á Húsavík er það nýstofnað. Fleiri félög er verið að hugsa um að stofna.

En þrátt fyrir öll blaðaskrif fundahöld og félög, þá er komið í algjört óefni fyrir fjölda manns, sem þarf húsaskjól, hjókrun og aðhlyningu ævi-

kvöldið. Ósamngjarnt væri, að kenna forráðamönnum þetta eingöngu. Fyrst og fremst er þetta fólkio sjálft að kenna. Hver hugsar um sig — og telur sig geta séð um sig og sína þegar þar að kemur. En svo breytist þetta fljótt, þegar skórin fer að kreppta að, þá finnst mönnum að allt setti að vera til, — en sjálfir gerðu þeir aldrei neitt í þessum málum, hinir áttu að sjá fyrir öllu. Menn eru svo sinnulausir um framtíð sína í ellinni að engu tali tekur — enda verða margir nú því miður tilfinnanlega þess varir — hvergi pláss — hvergi hægt að koma fyrir háöldruðu fólkio, sem nauðsynlega þarfnast hjókrunar.

Vonandi fara ritstjórar og blaðamenn að kynna sér málin — þeir verða allir langlífir væntanlega — og þurfa ekki síður en aðrir athvarf ævikvöldið. **Gísli Sigurbjörnsson.**

Morgunblaðið 20. mars 1973 <www.timarit.is>

Á fundinum tóku einnig til máls:

Friðrik Einarsson læknir, **Þorvaldur Brynjólfsson**, **Viggó Jónsson**, **Gissur Pálsson** og **Oddur Ólafsson**.

Lýstu þeir allir stuðningi sínum við stofnun samtakanna, og ánægju yfir framtaki þeirra er að þessu stóðu. Fundarstjóri bar fram tillögu sem fram kom frá **Helenu Halldórsdóttur** um nafn á samtökunum, og vill hún láta samtökin heita „*Hagsmunasamtök aldraðra*“. Tillögunni var vísað til undirbúningsnefndar og tilvonandi stjórnar samtakanna, en að frumkvæði Auðuns Hermannssonar var hætt við það að kjósa stjórn á fundi þessum, en í stað þess undirbúningsnefnd til þess að undirbúa stjórnarkjör og frekari drög að stofnun samtakanna. Í undirbúningsnefnd gátu komist þeir sem áhuga höfðu á því og voru eftirtaldir aðilar skráðir og fundarstjóri las upp nöfn þeirra. **Auðunn Hermannsson**, **Gyða Jóhannsdóttir**, **Guðmundur H. Garðarsson**, **Oddur Ólafsson**, **Ólöf Konráðsdóttir**, **Barði Friðriksson**, **Friðrik Einarsson**, **Jónas Rafnar**, **Geirprúður H Bernhöft**, **Geir Tómasson**, **Hafsteinn Pálsson**, **Bergur Vigfússon**, **Böðvar Jónsson**, **Guðmundur Guðmundsson**.

Var þetta samþykkt af fundargestum. Auðunn Hermannsson lagði fram uppkast að lögum fyrir félagið og var því vísað til tilvonandi stjórnar félagsins. Hann tilkynnti að borist hefðu kr. 10.000- frá ónefndum manni til stofnunar samtakanna. Eins og að framan greinir virtist mjög mikill áhugi ríkja meðal fundargesta og skrifuðu sig í samtökin 163 á fundi þessum. Ákveðið var að boða til stofnfundar að Hótel Sögu að mánuði liðnum — en þá er gert ráð fyrir að undirbúningsnefnd hafi lokið störfum og stjórn samtakanna kosin, fundi var síðan slitið en hann stóð yfir til kl. 11.30. Gyða Jóhannsdóttir ritari.

Ár 1973, þriðjudagurinn 16 apríl hélt undirbúningsnefnd að stofnun samtaka fyrir aldraða og eftirlaunafólk, er kjörin var á fundi á áhugamanna 14 mars, fund á herbergi 513 á Hótel Sögu. Til fundarins var boðað að frumkvæði Gyðu Jóhannsdóttir þessir mættu á fundinn. Gyða Jóhannsdóttir, Hersteinn Pálsson, Geir Tómasson, Bergur Vigfússon, Auðunn Hermannsson, Guðmundur Garðarsson, Jónas G Rafnar, Ólöf Konráðsdóttir, Guðmundur Guðmundsson, Böðvar Jónsson, Friðrik Einarsson, Barði Friðriksson. Fundarstjóri var kjörinn Guðmundur H Garðarsson og tilnefndi hann Barða Friðriksson sem fundarritara. Guðmundur H Garðarsson lýsti tilefni þess fundar og verkefnum hans.

1. **Auðunn Hermannsson** tók fyrstur til máls. Lagði hann fram og fylgdi úr hlaði tillögu að lögum fyrir Samtök aldraðra og eftirlaunafólks.
2. **Jónas G. Rafnar** lýsti nokkrum þeim atriðum, er hann taldi sérstaka nauðsyn á að hafa í huga við stofnun samtaka slíkra sem hér um ræðir. Nefndi hann m.a. eftir talin atriði.
 - a. Auka skilning landsmanna á nauðsyn þess, að öllu öldruðu fólkio verði tryggt viðhlítandi húsnæði. Kannað verði rækilega, hvaða leiðir séu líklegastar til þess að ná því takmarki og reynsla annarra þjóða hagnýtt í því sambandi.
 - b. Koma því til leiðar, að ríkisvaldið líti á það sem eina af skyldum sínum að veita húsnæðismálum aldraðar fjárhagslegan og félagslegan stuðning. Verði sú stefna skýrt mörkuð í heilbrigðis-félags — og húsnæðismála — löggjöf.
 - c. Stofnlánasjóðir, sem fjármagna íbúðarbyggingar veiti byggingarmálum aldraðra þegar í stað sérstakan og aukinn stuðning. Verði á næsta alþingi afllað lagaheimildar í því skyni, ef þörf krefur.

Samtök aldraðra

GÍSLI Sigurbjörnsson skrifaði grein í Morgunblaðið í gær undir fyrirsögninni „Ofaukið?“, þar sem hann spyr: „Hvað verður um okkur öll í ellinni.“

Gísli hefir öðru hvoru skrifað greinar til þess að vekja athygli á þessum málum, en honum mun manna bezt kunnugt um þau vandræði sem fólk hefir við að striða, þegar það er ekki lengur fært að sjá um sig sjálf.

Hefir hann hvatt fólk til þess að taka höndum saman og vinna skipulega að framtíðarmálum aldraðra. Ég vil gleðja Gísla Sigurbjörnsson, og aðra þá, er um þessi mál hafa fjallað, með því að láta þá vita, að skrif þessi hafa borið nokkurn árangur. Hefir verið unnið að því að kanna grundvöll fyrir stofnun samtaka, er beiti sér fyrir aðgerð um í þessum málum, og komið í ljós mikilli áhugi, einkum í sambandi við byggingar á íbúðum sem miðaðar væru við þarfir aldraðra.

Stofnun samtakanna hefir dregið vegna þess, að erfiðleikar reyndust vera á því að fá hæfa og málsmetandi menn til þess að standa fyrir þeim.

Nú eru hins vegar góðar horfur á því að sá vandi sé leystur og er fyrirhugað að boða til fundar í Glæsibæ, í lok þessa mánaðar, til þess að stofna formlega samtök aldraðra og eftirlaunafólks. Vil ég hér með hvetja þá, sem áhuga hafa á þessum málum, til þess að sækja þennan fund.

- d. Tryggja framtíð Erfðarfjársjóðs
- e. Stofnað verði byggingar – hlutafélag og sameignarfélög, sem hafi það að markmiði að koma upp íbúðum er sérstaklega við hæfi eldra fólks
- f. Bæjar- og sveitafélög reisi og reki elliheimili

Auðunn Hermannsson tók aftur til máls. Taldi Auðunn eðlilegt, að félagið sjálft reisti byggingar sínar. Nauðsyn væri til að halda félagsskapnum á breiðum grundvelli. Nauðsynlegt væri að ríkisvaldið gæti stuðst við slíkan félagsskap í aðgerðum sínum til hags fyrir aldrað fólk. Nauðsynlegt væri, að félagsskapur eins og hér væri um að ræða gæti knúið ríkisvaldið til aðgerða.

Böðvar Jónsson lagði ríka áherslu á, að fjárhagsgrundvöllur samtakanna og framkvæmd á þess vegum væri vel tryggður. Hersteinn Pálsson lagði ríka áherslu á að vandlega væri athugað hvaða form félagsskap sem þessum hentaði best og hvaða þætti vandamála, sem vissulega væru mörg, bæri að leggja mesta áherslu á. Einnig tóku til máls Friðrik Einarsson, Guða Jóhannsdóttir, Ólöf Konráðsdóttir, Guðmundur Guðmundsson og Geir Tómasson, sem ræddi leiðir, er farnar hafa verið í húsnæðis – og hjúkrunarmálum í Þýskalandi. Aftur tók til máls Böðvar Jónsson og Auðunn Hermannsson. Barði Friðriksson og Guðmundur H. Garðarsson ræddu nauðsyn á traustum og vönduðum undirbúningi undir endanlega félagsstofnun. Í sama streng tók Bergur Vigfússon. Hann taldi ekki geðfellt, að félagsskapur sá, sem hér hefur verið rætt um væri hugsaður sem líknarfélagsskapur heldur sem hagsmunasamtök. Margt af því fólki, sem um væri að ræða væri mjög vel starfhæft. Auðunn Hermannsson ræddi um þann skilsmun, sem væri á Elliheimilinu Grund, DAS og heimilum eins og hér væri um að ræða. Hersteinn Pálsson gerði uppástungu um að kjörin yrði laganeftnd:

Þessir væru kjörnir: Gyða Jóhannsdóttir, Jónas G Rafnar, Auðunn Hermannsson, Oddur Ólafsson, Friðrik Einarsson, Geirprúður Bernhöft, Barði Friðriksson. Ákveðið var að nefndin hittist aftur fimmtudaginn 26. Apríl kl. 8,30. Barði Friðriksson ritari.

Miðvikudagurinn 25. Apríl 1973 hélt kjörin laganeftnd fund í herbergi 513 að Hótel Sögu. Fundardegi var breytt eftir beiðni frá Jónasi Rafnar. Mættir voru á fundinn: Oddur Ólafsson, Jónas G Rafnar, Gyða Jóhannsdóttir, Auðunn Hermannsson

Rætt var um starfsemi félagsins og tilgang þess. Samþykkt var að kalla saman nefndina aftur og miða að því að auglýsa stofnfund í lok maí mánaðar. Gyða Jóhannsdóttir ritari.

Árið 1973, miðvikudaginn 30 maí hélt laganeftnd að undirbúningi fyrir Samtök aldraðra fund í Garðastræti 41, Reykjavík. Þessir mættir: Gyða Jóhannsdóttir, Oddur Ólafsson, Geirprúður H. Bernhöft, Böðvar Jónsson, Guðmundur Guðmundsson, Geir Tómasson, Auðunn Hermannsson, Ólöf Konráðsdóttir, Guðmundur H. Garðarsson, Hersteinn Pálsson, Jónas G. Rafnar.

Samtök aldraðra og eftirlaunafólks stofnað

STOFNFUNDUR að samtökum aldraðra og eftirlaunafólks var haldinn í Glæsibæ sl. fimmtudagskvöld. Fundinn sóttu um 200 manns og var mikill hugur í mönnum að standa vel saman að eflingu slíkra samtaka.

Fundurinn var settur af Auðunni Hermannssyni, en fundar-

stjóri var kosinn Guðmundur H. Garðarsson, og ritari Gyða Jóhannsdóttir. Auðunn rækti í stórum dráttum undirbúning að stofnun samtakanna. Þá flutti Friðrik Einarsson, lækni, erindi um vandamál aldraðra. Margir tóku til máls á fundinum og var mikill hugur í mönnum og ein-

róna álit að stofna til slíkra samtaka.

Lögð voru drög að lögum fyrir samtökin og var þeim vísað til undirbúningsnefndar, sem átti áttí fyrir stofnfund samtakanna, verður haldinn að mánuði líðum. Í undirbúningsnefnd voru kosin: Auðunn Hermannsson,

forstjóri, Gyða Jóhannsdóttir, hóstrá, Guðmundur H. Garðarsson, viðskiptaáæðingur, Friðrik Einarsson, lækni, Ólaf Konradsson, dóttir, kaupmaður, Geir Tómasson, lækni, Barði Friðriksson, lögfræðingur, Þorgeir Vígfússon, forstöðumaður, Oddur Ólafsson, alþingismaður, Guðmundur Guðmundarson, forstjóri, Böðvar Jónsson, forstjóri, Geirþjóður Hildur Bernhöft, félagsmálafróður, Jónas R. Rafnar, bæjarstjóri, og Herstein Pálsson, forstjóri. Verður fundurinn sagnþýstur í blöðum og útvarpi, þeir, sem vilja, geta gerst stofnfólagar.

insé því að hringja í síma 13.000 kl. 2-4 alla virka daga, nema laugardaga. Kaffi var óþvert dreidd og voru fundarmenn í besta skapi að fundi loknum. (Frétt frá undirbúningsnefnd).



Morgunblaðið 6. apríl 1973 <www.timarit.is>

Aldraðir stofna samtök

Erl-Reykjavík — Undirbúningsstofnfundur að samtökum aldraðra og eftirlaunafólks var haldinn í Glæsibæ 29. marz. Fundinn sóttu um 200 manns, og var mikill hugur í mönnum að standa vel að uppbyggingu samtakanna. Málshefjandi var Auðunn Hermannsson, og ræddi hann um tilgang og stefnu samtakanna. Þá flutti Friðrik Einarsson lækni erindi um vandamál aldraðra. Margir tóku til máls, og mikill áhugi kom í ljós meðal fundarmanna að vinna vel að undirbúningi og stofnun þessara fyrstu samtaka aldraðra hér á landi.

Tíminn 31. mars 1973 <www.timarit.is>

Fundarstjóri var kjörinn Guðmundur H. Garðarsson og tilnefndi hann Barða Friðriksson sem fundarritara. Lögð var fram a) Tillaga að lögum fyrir „Samtök aldraðra“. Skýrði Barði tillöguna. Oddur Ólafsson lagði fram tillögu að „Styrktarfélagi fyrir aldraða“. Skýrði Oddur tillöguna.

Jónas G. Rafnar taldi báðar tillögurnar efnislega nothæfar, en þar sem tillaga Odds væri fyllri, teldi hann hana heppilegri. Auðunn Hermannsson taldi nafnið Samtök aldraðra vera búið að vinna nokkra hefð og myndi hann styðja

þá nafngift. Í sama streng tóku Guðmundur Guðmundsson, Böðvar Jónsson. Oddur Ólafsson taldi þau félög sem bera nafnið Styrktarfélag aldraðra þjóna svipuðum tilgangi og félag það, sem nú á að fara að stofna.

Til máls tók aftur: Auðunn Hermannsson, Jónas Rafnar, Geirþjóður H. Bernhöft, Böðvar Jónsson og Geir Tómasson. Greidd voru atkvæði um nafngift og hlaut nafnið: Samtök aldraðra mest fylgi, 7 atkvæði. Jónasi Rafnar, Hildi Bernhöft og Barða Friðrikssyni var faldið að samræma lagauppköstin fyrir stofnfund. (Skyldi 14 manna nefndin halda fund áður til að leggja síðustu hönd á laga frumvarpið). Efnislega voru fundarmenn samþykkir þeirri megin stefnu, sem mörkuð er í uppköstunum. Skoðanakönnun fór fram um formannsefni. Flest atkvæði hlutu Gyða Jóhannsdóttir og Auðunn Hermannsson fjögur atkvæði hvort. Næsti fundur var ákveðinn kl. 17,00 n.k. þriðjudag.

*Fundargerðin upplesin og samþykkt.
Barði Friðriksson ritari.*

Samtök aldraðra

Framhaldsstofnfundur samtaka aldraðra verður haldinn í Súlnasal Hótel Sögu, norður dyr, miðvikudaginn 6. júní kl. 8.30 síðdegis. Dagskrá: Lögð fram tillaga að lögum fyrir félagið — kosning stjórnar — önnur mál, sem uppkunna að vera borin.
Undirbúningsnefndin.

Morgunblaðið 3. júní 1973 <www.timarit.is>

FRAMHALDSADALFUNDUR „Samtaka aldraðra“ var haldinn að Hótel Sögu 6. Júní 1973. Fundarstjóri var Guðmundur H. Garðarsson, sem kvaddi Herstein Pálsson til þess að vera ritara fundarins. GHG. reifaði síðan málefni aldraðra frá sjónarmiði

Verkefni Samtaka aldraðra



Stofnfundur

að samtökum aldraðra og eftirlaunafólks verður haldinn í Glæsibæ uppi (cafeteríu) í dag 29. þ. m. kl. 8.30.

Fyrir hönd fundarboðenda.

Auðunn Hermannsson.

Morgunblaðið 29. mars 1973 <www.timarit.is>

fundarboðenda og ræddi um breytta stöðu þeirra í þjóðfélaginu og þar af leiðandi athugaum ýmissa aðila á stofnun samtaka til að reyna að finna lausn á ýmsum vandamálum aldraðs fólks. Að því búnu las hann upp nöfn þeirra 14 manna, sem kjörnir höfðu verið í nefnd til að undirbúa lög fyrir félagið, og gaf að því búnu Barða Friðrikssyni orðið. B.F skýrði frá tillögum nefndarinnar um lög félagsins og gerði grein fyrir einstökum greinum þeirra. Fundarstjóri gaf síðan orðið laust og bar þá Benedikt Björnsson fyrst fram fyrirspurn varðandi starfssvæði félagsins.

Þorleifur Guðmundsson tók næstur til máls og kom fram með ýmsar ábendingar og tillögum um breytingar á laga frumvarpinu. M.a. vildi hann að félagið væri látið heita „Samtök um velferð aldraðra“ þar eð hann taldi, að sú nafngift kæmi vel heim við tilgang þess. Frú Helena Halldórsdóttir tók næst til máls og studdi tillögu Þorleifs um nafn samtakanna. Auðunn Hermannsson svaraði þessari uppástungu með fáeinum orðum og taldi hann að ekki væri rétt að gera breytingar á því nafni, sem samtökunum hefði þegar verið valið. Það væri farið að festast nokkuð í vitund almennings. Jónas Guðmundsson, fyrrum skrifstofustjóri sem var næsti ræðumaður, kvaðst einnig fella sig vel við það nafn, sem þegar væri komið á félagið, en hinsvegar taldi hann þörf nánari skilgreiningar á því, hverjir hinir öldruðu væru, því að ekki ættu allir menn að hafa jafnan rétt til að ganga í félagið og njóta þeirra réttinda sem það aflaði félagsmönnum þegar fram liðu stundir. Jónas áleit einnig, að 6, gr laga frv. – um stjórnarkjör – væri nokkur óljós, og að líkindum mundu lögin þarfnast endurskoðunar fljótlega.

Loks bar J.G. fram tillögu um, að bætt yrði lið við 3, gr lagana – e – lið, sem yrði svohljóðandi „Vinna gegn því, að öldruðum sé íþyngt með óeðlilegum skattaálgögum.

Guðmundur H. Garðarsson gerði næst grein fyrir afstöðu undirbúningsnefndar til þess, hverjir ættu að vera hlutgengir í félagið, því að yngra fólk gæti vel unnið að framgangi tilgangs félagsins, skv. 3, gr. Þótt það öðlaðist ekki rétt til íbúða á vegum félagsins fyrr en við vissst aldursmark. Hinir yngir gætu raunar unnið mikið starf í þágu félagsins.

Gunnar Bíldal, sem var næsti ræðumaður kvaðst eindreginn stuðningsmaður þess nafns sem stungið hefði verið uppá, enda væri velfarnaður félagsmanna í því fólgin. Hann vildi láta athuga, hvort rétt væri að leyfa yngra fólki að gerast aukafélagar.

Þorsteinn Kristjánsson kvað lítið út á lögin að setja, þótt þeim megi vafalaust breyta síðar. Hins vegar taldi hann vafasamt, hve mikil réttindi ætti að veita ungu fólki innan félagsins. Þá hvatti hann félagsstjórnina til að berjast gegn skattlagningu á öldruðu fólki, í hvaða mynd sem væri.

Barði Friðriksson svaraði nú ýmsum atriðum í ræðum þeirra, sem fluttar höfðu verið. Hann var sömu skoðunar og sumir aðrir, að yngra fólk gæti orðið félaginu að liði, en fundarsókn sýndi á hinn bóginn að það væri fyrst og fremst rosíð fólk, sem hefði áhuga á málefnum félagsins. Hann taldi einnig, að nafn það, sem undir undirbúnings nefndin hefði sett í lagafrumvarið, væri heppilegra en önnur, sem nefnd hefðu verið. Stefán G. Björnsson spurði, hvort ætlunin væri, að íbúðir þær, sem félagið hygðist koma upp, yrðu t.d. eigu sjálfseignarstofnunar eða hvernig það atriði væri hugsað.

G.H.G. kvað þá stjórn, sem væntanlega yrði kjörin á fundinum fá það verkefni - auk annarra – að marka stefnuna í þessu efni og ákveða það eignarform sem heppilegast teldist. Teitur Sveinbjarnarson ræddi þetta atriði einnig nokkuð.

Gissur Pálsson kvartaði um, að undirbúningsnefndin hefði ekki gengið beint að byggingarmálunum, og vildi hann að fundinum lyki ekki án þess að fram hefði komið greinargerð frá stjórninni um fyrirætlanir hennar í því efni, þá kvaðst hann telja félagsgjaldið allt of lágt og mundi hann bera fram tillögu um hærra gjald, ef hún kæmi ekki fram frá öðrum fundarmönnum. Loks bar hann fram aðfinnslu varðandi 8, gr. – um aðalfund – og fleiri atriði.

Nikulás E. Þórðarson óskaði upplýsinga um 1. Lið 3. Gr. þar sem segir, að stjórnin eigi að skipa byggingarnefnd. Taldi hann réttara að byggingarnefnd væri kjörin á almennum félagsfundi.

Hans Jörgensen tók næstur til máls og lagði til að nægilegt væri að 50 félagsmenn óskuðu eftir fundi, til þess að stjórninni bæri að boða til almenns fundar.

Sigurður Jónsson áleit, að byggingarmálin ættu að vera sem mest félagsleg frekar en einstaklinga.

Stella Jónsdóttir kvaðst ekki vilja láta hnýta í ungt fólk vegna ummæla, sem fram hefðu komið þar að lútandi. Einnig taldi hún að félagsgjald væri of lágt, það ætti að vera kr. 1.000- á ári fyrir einstakling.

Ólafur Einarsson sagði, að sér fyndist að menn ætluðu að leysa öll vandamál í einu vetfangi, annað yrði ekki ráðið af ræðum manna en félagsstarfið yrði að þróast eins og annað. Aðalatriðið væri að stofna félagið, en láta önnur atriði bíða þess tíma, þegar rétt væri að taka þau til athugunar eða jafnvel breytinga, það væri vonlaust að leysa allt félagsstarfið á fyrsta fundi.

Valborg Bentsdóttir kvaðst þeirrar skoðunar, að ákvæði 3, gr. um tilgang félagsins væru of fáorð – semja bæri stefnuskrá fyrir hvert atriði, þá vildi hún einnig gera þá breytingu á 6, gr. að takmörk væru fyrir því, hve lengi einstaklingar gætu setið í stjórn samfleytt – væri rétt að engin mætti sitja lengur en tvö kjörtímabil.

Síðan ofangreindar fundargerðir voru skrifaðar, hafa merkur áföngum verið náð.

Það kemur fram við lestur á fundargerðum Samtaka aldraðra að margbreytilegt samstarf við Reykjavíkurborg hafi hafist fljótlega, eitt leiddi að öðru, því næg voru verkefni. Má þar nefna stofnun Múlabæjar og stofnun dagvistar heimilis fyrir heilabilaða ásamt fleiri velgjörðaraðilum. Grund og síðar DAS hafði með sýnu 17 ára stríði frá 1939 þar til 1957 lagt fram staðlanna hvernig búa skyldi um fólk á dvalar og hjúkunarheimilum framtíðar.

Elliheimilisformið, með sviptingu sjálfstæðis og sjálfræðis, eða verða hornreka og íþyngjandi á heimilum barna sinna var ekki lengur bjóðandi eldri borgurum sjálfstæðrar þjóðar, því nú varð mönnum orðið endanlega ljóst að bjóða yrði eldri borgurum upp á búsetukosti sem hæfðu þörfum þeirra og ekki síst sjálfsvirðingu á ævkvöldi. Hrafnista tók til starfa á sjómannadaginn 2. júní 1957 í Reykjavík. Heimilið var byggt fyrir forgöngu stéttarfélaga sjómanna í Reykjavík og Hafnarfirði. Næsti áfangi DAS var heimilið Hafnarfirði sem tekið var í notkun 1977, Síðar á liðnum árum komu vistheimilin glæsilegu Skjól og Eir í notkun.

Þriðji stór áfangin DAS var tekin í notkun í Boðþingi Kópavogi 2008. Hreinn og tær kraftaverka áfangi í gæðum og öllu athvarfi. Félagar okkar í Sléttuvegshverfinu bíða óþreyjufull eftir fjórða stór áfanga DAS sem er líst var í myndum og máli í fréttabréfi okkar nýlega, væntanlega hefjast framkvæmdir á næstu mánuðum.

Það var 1976 sem fyrst var stofnuð sérstök nefnd á vegum Reykjavíkurborgar til að standa fyrir auknum byggingarframkvæmdum á vegum borgarinnar í þágu aldraðra. Þrátt fyrir fyrri framkvæmdir, var ljóst árið 1982 að þær framkvæmdir myndu lítt duga og meiri framkvæmdahraði varð að koma til með samvinnu fleiri aðila. Því var það að byggingarnefnd aldraðra á vegum Reykjavíkurborgar auglýsti eftir samstarfsaðilum um frekari framkvæmdir. Fyrstu hús samtakanna, sem voru spóluð af stað í hrikalegum höftum, voru Akraland 1 og 3 samtals 14 íbúðir sem afhentar 1984.

Upp úr því hófst svo mjög árangursríkt samstarf Samtaka aldraðra og verktakafyrirtækisins Ármannsfells með þeim árangri að reist voru fjögur hús með sérstökum íbúðum fyrir aldraða í Bólstaðahlíð 41-45, við Dalbraut 18-20, Aflagranda 40 og Sléttuveg 11-13, þar sem borgin hefur lagt til þjónustuaðstöðu, en Samtökin séð um alla framkvæmd að öðru leyti. Síðan hafa verið byggðar samstæður að Dalbraut 14 og 16, síðan Sléttuvegur 19-21-23 og Sléttuvegur 29-31. Samtals er íbúðafjöldi 415. Nú stendur yfir bygging fyrstu samstæðunnar í Kópavogi, Kópavogstún 2-4 með 28 íbúðum sem skila á 15. ágúst 2013.

Þegar litið er til framtíðar í málefnum aldraðra er heildarsýn mikilvæg. Hverjar eiga megináherslur að vera? Og ekki síst, hvað vilja aldraðir sjálfir? Mitt mat er að kalla þurfi til starfa málaflokka teymi, skipuð lífsreyndum félögum Samtaka aldraðra.

Einnig urðu nokkrar umræður um tilgang félagsins og málefni aldraðra, en síðan var gengið til atkvæða um

einstakar greinar frumvarps til laga fyrir félagið, og þær jafnan bornar upp á undan viðkomandi greinum. Að endingu

voru lögin borin upp í heild og samþykkt með samhljóða atkvæðum. Lög félagsins eru þannig, eftir meðferð fundarins:

1. gr

Félagið heitir Samtök aldraðra

2. gr

Heimili þess og varabing er í Reykjavík

3. gr

Tilgangur félagsins er:

Að vinna að velferðarmálum aldraðs fólks á félagssvæðinu. Í því augnamiði vil félagið meðal annars beita sér fyrir eftirfarandi:

Stuðla að byggingu hentugra íbúða fyrir aldraða. Stjórn félagsins skipar byggingarnefnd.

Vinna að aukningu á sjúkrarými fyrir aldraða, er þurfa hjúkrunar við.

Stuðla að bættri félagslegri þjónustu hins opinbera við aldraða í heimahúsum.

Stuðla að samvinnu við hliðstæð félög, innlend og erlend.

Vinna gegn því, að öldruðum sé íþyngt með óeðlilegum skattaálögum.

4. gr

Félagar geta orðið einstaklingar, félög og stofnanir í Reykjavík og nágreni, sem þess æskja og greiða tilskilin gjöld. Þeir, sem þess æskja, geta gerst ævifélagar gegn greiðslu að minnsta kosti tífalt árgjalds.

5. gr

Tekjur félagsins eru: Árgjöld, gjafir og aðrar tekjur, sem félagið kann að afla. Upphæð árgjalda skal ákveðin á aðalfundi ár hvert, og skulu árgjöld félaga og stofnana vera tífalt hærri en einstaklinga. Árgjald einstaklinga er kr. 500,00 en árgjald hjóna kr. 750,00

6. gr

Stjórn félagsins skal skipuð 7 mönnum, sem kosnir eru á aðalfundi. Á sama hátt skulu kosnir 3 menn til vara, sem sitji almenna stjórnarfundu. Formaður skal kjörinn árlega, en að öðru leyti er kjörtímabil stjórnar og varamanna 2 ár. Þá skulu 3 úr stjórnin ganga úr eftir eitt ár, samkvæmt hlutkesti, og þrír kosnir í þeirra stað á aðalfundi. Engin skal sitja lengur en tvö kjörtímabil í stjórn samfelld. Formaður skal kjörinn sérstaklega, en stjórnina skiptir að öðru leyti með sér verkum. Á aðalfundi skal og kjósa tvo endurskoðendur og einn til vara.

Prókúruhafi félagsins er stjórnin eða sá, sem hún tilnefni.

7. gr

Stjórnin stýrir málefnum félagsins milli aðalfunda, og annast allar framkvæmdir, nema öðruvísi sé ákveðið.

Stjórnin ber ábyrgð gerða sinna fyrir aðalfundi.

8. gr

Aðalfundur skal halda í marsmánuði ár hvert, í fyrsta sinn árið 1974. Stjórnin getur boðað til aukaaðalfundar, ef minnst 50 félagsmann óska þess með rökstuddri beiðni. Aðalfundur og aukaaðalfundur skal boða skriflega og í einu dagblaði með viku fyrirvara, ásamt tilgreindri dagskrá. Aðalfundur er lögmaður, ef löglega er til hans boðað. Stjórnin getur boðað til félagsfundar, er henni þykir þörf á. Til slíkra félagsfundar skal boða á sama hátt og til aðalfundar. Á stjórnar og félagsfundum ræður afl atkvæða. Hver skuldlaus félagi á skrá félagsins hefur atkvæði á aðalfundi. Lagabreytingar má aðeins gera á aðalfundi enda greiði 2/3 fundarmanna þeim atkvæði. Ef færri en 20% fullgildra félagsmanna greiða atkvæði um tillögu til lagabreytingar, skulu þær ekki taka gildi, fyrr en eftir samþykki næsta árs aðalfundar eða aukaaðalfundar, sem sérstaklega er boðað til vegna lagabreytinganna.

9. gr

Aðalfundur hefir æðsta vald í öllum málefnum félagsins. Dagskrá aðalfundar skal vera þessi:

Kjör fundarstjóra og ritara.

Ávarp formanns.

Skýrsla stjórnar.

Skýrsla gjaldkera.

Endurskoðaðir reikningar fyrir síðasta ár lagðir fram til samþykktar.

Umræður um skýrslu stjórnar og gjaldkera.

Kosning formanns.

Kosning annarra stjórnarmeðlima og varamanna.

Kosning tveggja endurskoðenda og eins til vara.

Ákveðið árgjald næsta árs.

Lagabreytingar.

Önnur mál.

Lesin fundargerð aðalfundar.

10. gr

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Reikningar fyrir síðastliðið ár skulu fullgerðir og afhentir endurskoðendum ásamt fylgiskjöllum fyrir 15/2 ár hvert. Endurskoðendur skulu hafa lokið endurskoðun í tæka tíð fyrir aðalfund. Reikningar skulu liggja frammi á skrifstofu félagsins viku fyrir aðalfund.

11. gr

Lög um félög og fundarsköp ráða, þar sem fyrirmæli skortir í lögum þessum. Að endingu var gengið til stjórnarkjörs. Kom fram ein uppástunga um formann – Auðunn Hermannsson – var hann því sjálfkjörinn. Aðrir í stjórn félagsins voru kjörnir: Frú Gyða Jóhannsdóttir, frú Ólöf Konráðsdóttir, Barði Friðriksson, frú Geirbrúður Bernhöft, Böðvar Jónsson og dr. Friðrik Einarsson. Meðstjórnendur. Voru kjörnir: Jónas G. Rafnar, frk Stella Jónsdóttir og Hersteinn Pálsson. Endurskoðendur voru kjörnir: Geir Tómasson og Ólafur Pálsson mælingafulltrúi.

Hersteinn Pálsson ritar (sign) – (fært rétt af Gyðu Jóhannsdóttur)

Samtökin og verkefni



Stjórn Samtaka aldraðra 2012-2013. Frá vinstri er Páll Jónsson, Ingvar Georgsson, Erna Fríða Berg, Valur Sigbergsson, Dóra Sif Wium, Ingólfur Antonsson og Erling Garðar Jónsson

Allt fram til ársins 1981 störfuðu Samtökin fyrst og fremst að almennum velferðamálum eldri borgara, en allstaðar var komið að lokuðum dyrum í fjáröflun til byggingarframkvæmda.

Fyrstu íbúðimar 14 í Akralandi voru byggðar á tímabilinu 1981-1984, á tíma óðaverðbólgu, hárra vaxta og verðbótarþátta. Sú framkvæmd reyndi mjög á þólf stjórnenda Samtaka aldraðra, en ekki var gefist upp. Síðan hafa allar framkvæmdir Samtakana gengið fram með eðlilegum hætti en þó eftir aðstæðum á hverjum tíma. Þess ber þó að geta að fyrsta lóð sem Samtök aldraðra fengu sjálfstæða úthlutun á, var lóðin Dalbraut 16, og er það mat stjórnarmanna fyrri stjórna að það hafi valdið þáttaskilum í umsýslu byggingarframkvæmda Samtakanna.

Byggingarframkvæmdir Samtaka aldraðra fram til þessa eru;

1. **Akraland 1 og 3** samtals 14 íbúðir, afhentar 1984.
2. **Bólstaðarhlíð 41 og 45** samtals 65 íbúðir, afhentar 1986 og 1987.
3. **Dalbraut 18 og 20** samtals 47 íbúðir, afhentar 1987.
4. **Aflagrandi 40** samtals 60 íbúðir, afhentar 1989.
5. **Sléttuvegur 11 og 13** samtals 51 íbúð, afhentar 1992.
6. **Dalbraut 16** samtals 23 íbúðir, afhentar 1999.
7. **Dalbraut 14** samtals 27 íbúðir, afhentar 2003.
8. **Sléttuvegur 19 - 23** samtals 70 íbúðir, afhentar 2007.
9. **Sléttuvegur 29 - 31** samtals 58 íbúðir, afhentar í febrúar 2011.

Samtals 415 íbúðir.

Áhersluatriði í málefnum Samtaka aldraðra frá upphafi hafa verið og munu áfram vera:

1. Skattar og eftirlaun.

2. Átak á vettvangi umönnunar og aðhlyningar eldri borgara.
3. Lyfjanotkun og lyfjakostnaður.
4. Húsnæði eldri borgara.
5. Mismunur vegna aldurs.
6. Gjáin milli eftirlaunafólks og vinnandi manna verður að minnka.
7. Grunnlífeyri verður að hækka til að auka fjárhagslegt öryggi og draga úr kostnaði.
8. Minnka verður jaðaráhrif eftirlaunakerfisins.

Verkefni okkar er nú sem áður;

Varnar- og sóknarbarátta fyrir minnihlutahóp sem var og er búinn að leggja sitt af mörkum við að byggja upp menningarstyrk íslenskrar þjóðar, almennar tryggingar og tryggingarsjóði sem við aldraðir eigum skilið að njóta af á ævikvöldi í stað eignarnáms og margsköttunar. Sá veruleiki sem nú blasir við eldri borgurum má skilgreina án flækju á eftirfarandi hátt;

- það er næsta ómögulegt að dansa frá drunganum fyrir alltof marga eldri borgara,
- það er næsta ómögulegt að ná framfærslu fyrir alltof marga eldri borgara,
- það er næsta ómögulegt að eiga fyrir lyfjum fyrir alltof marga eldri borgara,
- það er næsta ómögulegt að eiga sparifé fyrir eldri borgara.
- það er næsta ómögulegt að vera vinnufús eldri borgari
- það er næsta ómögulegt fyrir eldri borgara að eiga fyrir þjónustugjöldum sveitarfélaganna,
- það er næsta ómögulegt að fá pláss á dvalar eða hjúkunarheimili fyrir eldri borgara.
- Ljóst er orðið að aldraðir eiga fáa pólitíska málsvara í flokkaflórunni.

Þann 1. júlí 2009 gerði Félagmálaráðherra skyndibreytingar á lögum um almannatryggingar, þannig að lífeyrissjóðstekjur hefðu áhrif á útreikning grunnlífeyris og var frítekjumarkið sett við 214.602 kr. Auðfengnir miljarðar þar í ríkissjóð, engin spurður, ekkert samráð bara rússnesk tilskipunaraðferð valdstjórnar. Slíkir gerendur ættu að hafa vit á að skammast sín. Nú er svo komið að margur aldraður Jón og mörg öldruð Gunna hafa 1.50 kr. af hverjum tíu í tekjur en ríkið hirðir 8.50 kr.

Leiðrétting á ofangreindri skerðingum (skattlagningu) átti að gera eftir þrjú ár, en nú hillir undir að fjórða árinu sé að ljúka. Eigum við að sætta okkur við þetta.

Þegar þetta Fréttabréf er ritað er í byggingu Kópavogstún 2-4 sem hýsir 28 íbúðir. Upphafsskref tekin með undirritun samninga



Samtök aldraðra í Reykjavík og byggingarfélagið Dverghamrar vinna að þessu 28 íbúða lyftuhúsi í sameiningu. Öllum íbúðum fylgir stæði í bílageymslu og íbúðirnar eru afhentar fullbúnar með gólfefnum, ísskáp og uppþvottavél. Afhending íbúðanna er áætluð 15. ágúst 2013. Á myndinni eru: Páll, Ingólfur og Erling frá SA og Magnús, Guðmundur og Jason frá Dverghamri ehf. Að lokinni framkvæmd verður íbúðafjöldi Samtaka aldraðra 443.



Kópavogstún 2-4.



Yfirfarin járnabinding plötu fyrstu hæðar.
Hálfur heimur fyrir augum.

Stofnfélagar Samtaka aldraðra

Aðalbjörg Bjarnadóttir
Aðalheiður Jóhannesdóttir
Agnes Kr. Pálsson
Alfa Friðriksdóttir
Andrea Helgadóttir
Andrés Kr. Hansson
Anna Árnadóttir
Anna Friðleifsdóttir
Anna Gísladóttir
Anna Guðmundsdóttir
Anna Jóhannessen
Anna Jónsdóttir
Anna L. Steinhórsdóttir
Anna M. Sigurðardóttir
Anna R. Halldórsdóttir
Anna S. Þórarinsdóttir
Anna Sigurðardóttir
Anna Þórðardóttir
Anna Þórðardóttir
Arndals, Laufey
Arnór Sigurðsson
Arnþrúður Karlsdóttir
Artúr Tómasson
Astrid Hannesson
Auðunn Hermannsson
Auður Böðvarsdóttir
Auður Jónsdóttir
Axel Sveinsson
Ágúst Sigfússon
Ágústína Halldórsdóttir
Árni Björnsson
Árni Einarsson
Árni Hreiðar Árnason
Árni Jónsson
Ása Sigurðardóttir
Ásdís Vilhelmsdóttir
Ásgeir M. Ásgeirsson
Ásgeir Ó. Einarsson
Áslaug Ármannsdóttir
Áslaug Árnadóttir
Áslaug Jónsdóttir
Áslaug Sveinsdóttir
Ásta Guðvarðardóttir

Ásta Ísleifsdóttir
Ásta Jónasdóttir
Ástriður Guðmundsdóttir
Ástriður Hannesdóttir
Bakmann, Johanne
Bakmann, Stefán
Barði Friðriksson
Beck, Konráð
Beck, Sigríður
Benedikt Björnsson
Bergþóra Júlíusdóttir
Bjeltredt, Guðný
Bjeltvedt, Óli
Bíldal, Gunnar
Bjargrún Jónsdóttir
Bjarni Jóhannesson
Björg Magnúsdóttir
Björg Pétursdóttir
Björg Sigurðardóttir
Björg Sigurðardóttir
Björgvin Árni Ólafsson
Björn Björnsson
Björn Guðmundsson
Blöndal, Guðmundur
Brynhildur Jóhannsdóttir
Búi Sneðbjörnsson
Böðvar Jónsson
Dalmann, Dagmar
Daniel Stefánsson
Dórótea Jóhannesdóttir
Edid
Einar Ásgeirsson
Einar Sveinsson
Einar Þorfinnsson
Eiríkur Stefánsson
Elías Halldórsson
Elin Snorradóttir
Elinborg Magnúsdóttir
Elinborg Stefánsdóttir
Elsa Magnúsdóttir
Emelía Guðmundsdóttir
Erlendur Jónsson

Erlendur Vilhjálmsson
Eva Pálmadóttir
Finsen, Ísleifur, Gíslí
Fjóla Finnbogadóttir
Friðey Jónsdóttir
Friðrik Einarsson
Friðrik Guðjónsson
Friðþjófur Jónsson
Frimann Sigurðsson
Garðar Kristjánsson
Garðar Vilberg
Geir R. Tómasson
Gissur Pálsson
Gíslí Finnsson
Gíslí Þorleifsson
Gréta Guðjónsdóttir
Guðbjörg Birkis
Guðbjörg Bjarnadóttir
Guðbjörg Einarisdóttir
Guðbjörg Guðmundsdóttir
Guðbjörg Sigurðardóttir
Guðbjörg Sveinsdóttir
Guðfinna Jónsdóttir
Guðjón Gíslason
Guðjón Tómasson
Guðlaug Sigmundardóttir
Guðlaugur Jónsson
Guðmundur Björnsson
Guðmundur Egilsson
Guðmundur Guðjónsson
Guðmundur Guðmundsson
Guðmundur Guðmundsson
Guðmundur H. Oddsson
Guðmundur J. Jónsson
Guðmundur Ólafsson
Guðmundur S. Jónsson
Guðmundur Sigtryggsson
Guðmundur Steinsson
Guðni Gestsson
Guðrún Aradóttir
Guðrún Bjarnadóttir

Guðrún Bjartmars
Guðrún Guðmundsdóttir
Guðrún Guðmundsdóttir
Guðrún Guðmundsdóttir
Guðrún Helgadóttir
Guðrún Helgasdóttir
Guðrún karlsdóttir
Guðrún kristbjörnsdóttir
Guðrún Ólafsdóttir
Guðrún Sigurðardóttir
Guðrún Sveinbjarnardóttir
Guðrún Sveinbjörnsdóttir
Guðrún Valdimarsdóttir
Gunnar Arnkelsson
Gunnar Jónsson
Gunnar Pétursson
Guðá Jóhannsdóttir
Halldór Sigurbjörnsson
Halldór Þorsteinsson
Halldór Þórðarson
Halldóra Danielsdóttir
Halldóra Eyjólfsdóttir
Halldóra Sigfúsdóttir
Hanna Guðmundsdóttir
Hannes Gamalíason
Hannes Jónsson
Haraldur Ólafsson
Haraldur Sæmundsson
Haukur Magnússon
Hákon Jónasson
Helga Jónsdóttir
Helga Þ. Þorgílsdóttir
Herdis Sigurðardóttir
Hermann Bæringsson
Hersteinn Pálsson og frá
Hildur Gunnlaugsdóttir
Hjalti Bjarnfinnsson
Hjalti Friðgeirsson
Hjálmar Jónsson
Hjórdís Guðmundsdóttir
Hólmfríður Guðmundsdóttir
Hrafn Jónsson
Hrólfur Þórarinnsson

Hulda Danielsdóttir
Hulda Gunnlaugsdóttir
Hulda Kristjánsdóttir
Hulda Lüðvíksdóttir
Hulda Sigfúsdóttir
Hóskuldur Egilsson
Iðunn Snæland
Indriði Jónsson
Ingibjörg Jónsdóttir
Ingibjörg Jónsdóttir
Ingibjörg Lindal
Ingibjörg Magnúsdóttir
Ingibjörg Þórðardóttir
Ingibjörg Þórólfsdóttir
Ingigerður Danielsdóttir
Ingimundur Guðmundsson
Ingólfur Jónsson
Ingólfur Sveinsson
Ingvar Björgvin Jónsson
Ingvar Kjartansson
Ingveldur Rögnvaldsdóttir
Jakob Einarsson
Jóhann Hannesson
Jóhann Hjörleifsson
Jóhanna B Bjarnadóttir
Jóhanna Brynjólfsson
Jóhanna Eiríksdóttir
Jóhanna Guðmundsdóttir
Jóhanna Gunnarsdóttir
Jóhanna M Jóhannesdóttir
Jóhanna Þorsteinsdóttir
Jón A. Gissurarson
Jón Brynjólfsson
Jón Guðjónsson
Jón Guðjónsson
Jón Guðjónsson
Jón Guðmannsson
Jón H. Gunnlaugsson
Jón Jónsson
Jón Sigtryggsson
Jón Sigurðarson
Jón Veturlíðason
Jóna F. Gunnarsdóttir

Jóna Magnúsdóttir	Kristján Lárusson	Pálmey Kristjánsdóttir	Sigurður Gíslason	Sólvi Óskarsson
Jónas G. Rafnar	Kristján Þ. Ísaksson	Petrónella Bentsdóttir	Sigurður Guðmundsson	Teitur Sveinbjörnsson
Jónatan Kristleifsson	Laufey Halldórsdóttir	Pétur Aðalsteinsson	Sigurður Jónsson	Teresía Guðmundsdóttir
Jónína Egilsdóttir	Laufey Jóhannesdóttir	Pétur Halldórsson	Sigurður Pálsson	Thor Jensen
Jónmundur Ólafsson	Lára Sigurðardóttir	Pétur Ottesen	Sigurður Sæmundsson	Torfhildur Jónsdóttir
Jórunn Jakobsdóttir	Lárus Þórarinnsson	Ragna Pálsdóttir	Sigurjón Gíslason	Torfi Jónsson og frú
Jórunn Sveinsdóttir	Lilja Sigurðardóttir	Ragnar S. Ólafsson	Sigurjón Stefánsson	Torfi Þórðarson
Július Pálsson	Lilja Solvadóttir	Ragnars, Egill	Sigurlaug V. Halldórsdóttir	Tómas Guðjónsson
Július Rósinkransson	Magnea Eiríksdóttir	Ragnars, Sigríður	Sigurlina Guðjónsdóttir	Una Benjamínsdóttir
Jytte Árnason	Magnea Ingimundardóttir	Ragnheiður Guðmundsdóttir	Sigríður Pétursdóttir	Unnur guðbergsdóttir
Jørgensen, Bjarney	Magnús Björnsson	Ragnheiður Ingvarsdóttir	Skafti Skaftason	Unnur Jónsdóttir
Jørgensen, Hans	Magnús Sigurðsson	Ragnheiður Ólafsdóttir	Smith, Erling	Unnur Þorseinsdóttir
Karítas Guðmundsdóttir	Margrét Stefánsdóttir	Ragnhildur Guðmundsdóttir	Smith, Karen	Valborg Bentsdóttir
Karítas Jónsdóttir	Margrét Ásmundardóttir	Ragnhildur Pálsdóttir	Snjólaug Lúðvíksdóttir	Valdimar Jónsson
Karl Nielsson	Margrét helgadóttir	Ragnhildur Steindórsdóttir	Snorri Ásgeirsson	Valgerður Sæmundsdóttir
Karl Sæmundsson	Margrét Hjartardóttir	Ragnhildur Steingrímsdóttir	Soffía Jóhannsdóttir	Viggó Jónsson
Karl Þorvaldsson	Margrét Jóhannesdóttir	Rannveig Gísladóttir	Soffía Magnúsdóttir	Viktor Björnsson
Karlotta Karlsdóttir	Margrét Ólafsdóttir	Rannveig Hjartardóttir	Soffía Sigvaldadóttir	Vilborg Bjarnadóttir
Karólína guðmundsdóttir	María Eyjólfsdóttir	Rannveig Ingimundardóttir	Sólborg Einarsdóttir	Vilhelm Kristinsson
Katrín Kristjánsdóttir	Marta Ármannsdóttir	Rannveig Jónsdóttir	Sólvegi Sandholt	Vilhjálmur Sveinsson
Katrín Ólafsdóttir	Nikolína Konráðsdóttir	Rannveig Stefánsdóttir	Sólveig Búadóttir	Waage, Lára
Katrín S. Brynjólfsdóttir	Nikulás E. Þórðarson	Rósa Guðjónsdóttir	Sólveig Eiríksdóttir	Waage, Sigurður
Klara Guðjónsdóttir	Nielsína O.D. Wium	Rósa Ingimarsdóttir	Sólveig Jóhannsdóttir	Wendel, Adolf
Kongodía, Nielsson	Oddfríður Sæmundsdóttir	Rósa Lúðvíksdóttir	Sólveig Kristjánsdóttir	Þorgerður Gísladóttir
Kragh, Sigríður	Oddgeir Þórðarson	Sahikler, Vilhelmina	Sólveig M. Jónsdóttir	Þorlákur Guðmundsson
Kragh, Sveinsdóttir	Oddgeir Jónsson	Salomon Einarsson	Stefanía Stefánsdóttir	Þorleifur Guðmundsson
Kristbjörg Jónsson	Oddný Eyjólfsdóttir	Sesselja Konráðsdóttir	Stefán Á. Kristjánsson	Þorsteinn Guðbrandsson
Kristinn Sigurðsson	Oddný Þ. Eiríksdóttir	Sigmundur Jóhannesson	Stefán Björnsson	Þorsteinn Sveinsson
Kristinn Sveinsson	Oddur Kristjánsson	Sigríður Bjarnadóttir	Stefán G. Björnsson	Þorvaldur Brynjólfsson
Kristín Brynjólfsdóttir	Oddur Oddsson	Sigríður Friðriksdóttir	Stefán Jónsson	Þorvaldur Sigurgeirsson
Kristín Gísluradóttir	Ólafía Auðunsdóttir	Sigríður Guðmundsdóttir	Stefán Jónsson	Þóra Helgadóttir
Kristín Grímsdóttir	Ólafía Guðmundsdóttir	Sigríður Jónlaugdóttir	Stefán Ó. Magnússon	Þóra Kristinsdóttir
Kristín Guðmundsdóttir	Ólafía Pétursdóttir	Sigríður Jónsdóttir	Steingrímur Guðjónsson	Þórdís Guðjónsdóttir
Kristín Helgadóttir	Ólafur Fr. Finnbogason	Sigríður Jónsdóttir	Steingrímur Jónsson	Þórður Kristjánsson
Kristín Helgadóttir	Ólafur H. Einarsson	Sigríður Jónsdóttir	Steinunn Þ. Andersen	Þórhallur Björnsson
Kristín Högnadóttir	Ólafur J. Ólafsson	Sigríður Kjartansdóttir	Steinþór Steinsson	Þórunn Sigurgeirsdóttir
Kristín Ingimarsdóttir	Ólafur Pálsson	Sigríður Magnúsdóttir	Stella M. Jónsdóttir	Þórunn Sveinsdóttir
Kristín Kristjánsdóttir	Ólöf Indriðadóttir	Sigríður Sigfúsdóttir	Svafa Árnadóttir	Þuríður Benediktsdóttir
Kristín M. Jónsdóttir	Ólöf Konráðsdóttir	Sigríður Simonardóttir	Svafa Jónsdóttir	Þuríður Björnsdóttir
Kristín Ólason	Ólöf Steingrímsdóttir	Sigríður Sveinbjarnardóttir	Svafar Kristjánsson	Þuríður S. Jónsdóttir
Kristín Sveinsdóttir	Ólöf Vernharðsdóttir	Sigrún Elíasdóttir	Svanhvít Friðriksdóttir	Örn Guðmundsson
Kristjana Kristjánsdóttir	Óskar Á. Sigurðsson	Sigrún Helgadóttir	Svava Ingvarsdóttir	
Kristján H. Guðmundsson	Óskar Bjartmars	Sigrún Ingimarsdóttir	Sveinbjörn Jónsson	
Kristján Hannesson	Óskar G. Sigurðsson	Sigrún Sigurðardóttir	Sveinbjörn Kristjánsson	
Kristján Kristjánsson	Pálína Jónasson	Sigurbjörg K. Elíasdóttir	Sveinn Jónsson	
Kristján L. Pétursdóttir	Páll H. Guðmundsson	Sigurbjörg Lárusdóttir	Sveinn Mósesson	
	Páll S. Pálsson	Sigurbjörg Sigurðardóttir	Sverrir Torfason	

Ekki eru allir makar meðtaldir í fundargerð, þannig að stofnendur eru í raun mun fleiri.



Auðunn Hermannsson

Var aðalhvatamaður að stofnun Samtaka aldraðra árið 1973 og var formaður þeirra allt til ársins 1978 er hann gaf ekki kost á sér lengur.

Auðunn Hermannsson fæddist í Álftafirði 24. ágúst 1911. Hann lést á Hrafnistu í Hafnarfirði hinn 7. janúar 2002. Foreldrar hans voru Hermann Auðunsson sjómaður og kona hans Ólöf Hannibalsdóttir. Auðunn átti þrjú alsystkini og eina hálsystur. Alsystkini hans voru Guðbjörg, Sigríður og Kristján sem öll eru látin, hálsystir hans er Ólöf Hermannsdóttir kennari. Kona Auðuns var Unnur Guðbergsdóttir, f. 7. maí 1912, d. 27. des. 1985. Unnur var dóttir hjónanna Herborgar G. Jónsdóttur frá Bústöðum og Guðbergs G. Jóhannssonar málarameistara úr Hafnarfirði. Börn Auðuns og Unnar eru: Guðrún, f. 16. júní 1940, Guðbergur, f. 18. júlí 1942, Hermann, f. 15. október 1947, og Herborg, f. 15. febrúar 1952. Barnabörn Auðuns eru: Auðunn Lúðvíksson, Leó Lúðvíksson, Aðalsteinn Guðbergsson, Nanna Guðbergsdóttir, Bergur Guðbergsson, Dagur Guðbergsson, Auðunn Sigurður Hermannsson, Svavar Ingi Hermannsson, Gunnar Már Hermannsson, Sigurgeir Örn Jónsson og Auðunn Jónsson. Barnabarnabörn Auðuns eru nú orðin fimm talsins.

Auðunn starfaði sem sjómaður fyrir vestan sem og fyrstu árin eftir að hann kom suður til Reykjavíkur 1934. Árið 1942 vann

hann að stofnun Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Gróttu, var formaður þess fyrstu þrjú árin og sat síðan fyrir Gróttu hönd í Sjómannadagsráði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar 1943-53. Auðunn lærði netagerð og tók meistaraþróf í greininni árið 1945. Árið 1948 tók hann að sér rekstur netagerðarinnar Höfðavíkur. Hann starfaði síðan hjá Olíufélaginu og sá um rekstur Esso-bensínstöðvarinnar í Hafnarstræti í Reykjavík. Hann stóð fyrir stofnun starfsmannafélags Olíufélagsins og sat sem formaður þess fyrsta árið.

Auðunn átti hugmyndina að Happdrætti DAS og fylgdi því máli fram til sigurs árið 1954. Auðunn starfaði sem forstjóri happdrættisins frá upphafi jafnframt því sem hann tók að sér rekstur Laugarásbíós og gegndi báðum störfunum samhliða. Árið 1966 tók hann við sem forstjóri Hrafnistu, Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, og gegndi því starfi allt til ársins 1972. Hann stofnaði eigið fyrirtæki, Fasteignaúrvalið sf., árið 1973 sem hann rak í tíu ár eða til ársins 1983. Hann var aðalhvatamaður að stofnun Samtaka aldraðra árið 1973 og var formaður þeirra allt til ársins 1978 er hann gaf ekki kost á sér lengur.

Dagskrá aðalfundar 30. apríl 2013 kl. 14.00

Fundarstaður, Safnaðarheimili Grensássóknar við Háaleitisbraut

1. Setning aðalfundar
2. Kjör fundarstjóra og ritara.
3. Ávarp formanns.
4. Skýrsla stjórnar.
5. Skýrsla gjaldkera.
6. Endurskoðaðir reikningar fyrir síðasta ár lagðir fram til samþykktar.
7. Umræður um skýrslu stjórnar og gjaldkera.
8. Kosning stjórnar og varamanna.
9. Kosning tveggja endurskoðenda og eins til vara.
10. Kosning tveggja skoðunarmanna notaðra íbúða.
11. Ákveðið árgjald næsta árs.
12. Lagabreytingar.
13. Önnur mál.
14. Lesin fundargerð aðalfundar.





Kópavogstún 2-4

Nú eru framkvæmdir komnar á lokastig við þetta glæsilega hús á frábærum stað í nágrenni hjúkrunarheimilis Sunnuhlíðarsamtakanna í suðurhlíðum Kópavogs. Samtök aldraðra í Reykjavík og byggingarfélagið Dverghamrar vinna að þessu 28 íbúða lyftuhúsi í sameiningu. Öllum íbúðum fylgir stæði í bílageymslu og íbúðirnar eru afhentar fullbúnar með gólfefnum, ísskáp og uppþvottavél. Þær íbúðir sem enn eru lausar eru 2ja og 3ja herbergja íbúðir auk þakíbúðar. Um er að ræða afar metnaðarfulla nýbyggingu á besta stað. Afhending eignanna er áætluð 15. ágúst 2013. Byggingaframkvæmdir að Kópavogstún 2-4, Kópavogi annast verktakafyrirtækið Dverghamrar ehf.

Kópavogstún 2-4

Hér byggir:
Dverghamrar ehf
 Síðisíðan 810-9144
 Móttaki 810-9145

Í samstarfi við Samtök aldraðra í Reykjavík,
 sex hæða fjölbýlishús með 28 íbúðum fyrir 60 ára og eldri.
 Afhending verður í nóvember 2013
 Um er að ræða:

8	2ja herbergja íbúðir	85 m ²
18	4ra herbergja íbúðir	127 m ²
2	Penthouseíbúðir	196 m ²

Öllum íbúðum fylgja sérgæmslur, stæði í bílageymslu,
 þvottaástaða og dekkjagæmsla.

Hönnuðir: Kristinn Ragnarsson
 Arkitekt: Sveinbjörn Hinriksson
 Burðarþol: Sveinbjörn Hinriksson
 Lagnir: Manrívit
 Rafhlagnir: Stóri ehf.
 LÖB:

Nánari upplýsingar veita:
MIKLABORG Sími: 569-700
 www.miklaborg.is
 og skrifstofa Samtaka aldraðra, sími 552-6410, netfang www.aldradi

Kópavogstún 2-4

Verkfundur nr. 14, miðvikudaginn 3. apríl 2013, kl. 10.00

Mættir: Magnús Sigurðsson, Guðmundur R. Guðmundsson, Dverghamrar ehf.
Sigurður Kjartansson og Jóhanna M. Guðnadóttir, Fulltrúar byggjenda.
Ingólfur Antonsson og Valur Sigurbergsson, Samtök aldraðra
Karl R. Birgisson, Mannvit

VERKSTAÐA:

Íbúðarhús og bílgeymsla: Uppsteypu er lokið.

Raflagnir. K4: Öllum ídrætti og ísetningu töfluskápa er lokið. Verið er að tengja rofa og tengla.

K2: Öllum ídrætti og ísetningu töfluskápa er lokið.

Pípulagnir. K4: Fráveitu og neysluvatnslagnir eru komnar upp á 6. hæð. Lokið er uppsetningu W.C. kassa. Búið er að tengja alla ofna og hleypta á þá vatni. Tenging hreinlætistækja er í gangi á 2. hæð.

K2: Fráveitu og neysluvatnslagnir eru komnar upp að 6. hæð. Neysluvatnslagnir eru komnar upp á 5. hæð. Lokið er uppsetningu W.C. kassa á 1.-5. hæðar.

Gluggar: Verið er að glerja húsið og setja í opnanleg fög og svalahurðir.

Múrverk inni: Einangrun og múrhúðun útveggja er að fullu lokið í öllu húsinu.

K4: Flísalögn baðherbergja og þvottahúsa er lokið á 1.-3. hæð. Steypu í sturtubotna er lokið á 1.-4. hæð.

K2: Flísalögn baðherbergja og þvottahúsa er í gangi á 2. og 3. hæð. Steypu í sturtubotna er lokið á 1.-4. hæð.

Milliveggir: Milliveggir í íbúðir og geymslur eru komnir upp í öllu húsinu nema á 6. hæð í K2.

Málun: K4: Sandspörtlun er lokið frá 1.-5. hæð. Unnið er að spörtlun á 6. hæð. Búið er að grunna veggj á 1.-5. hæð. Búið er að mála fyrstu umferð á 1.-4. hæð.

K2: Sandspörtlun er lokið frá 1.-4. hæð. Unnið er að spörtlun á 5. hæð. Búið er að grunna veggj á 1.-3. hæð. Búið er að mála fyrstu umferð á 1.-3. hæð.

Loftræsing: Lóðrétt loftræsirör eru komin upp að þakfleti. Verið er að setja safnkassa á þakflötinn. Unnið er að uppsetningu loftræsilagna frá geymslum.

Þakrágangur: Búið er að leggja þakpappa á þakið. Einangrun er að mestu lokið. Malarfarg er komið á þak íbúða 6. hæðar.

Utanhúsrágangur: Steiningu útveggja íbúðarhúss með kvarsí er lokið.

Unnið er að einangrun og klæðningu á stigahúsunum.

Innréttingar: Smíði innihurða og innréttinga er lokið. Uppsetning er í gangi á 2. hæð í K4.

Heildarverkstaðan 3. apríl. er 77,6%. Aukning frá feb./mars er 3,9%. Lóðarverðið vegur 16,3%.

Framkvæmdin gengur vel og er í takt við verkáætlun. **Skil á húsinu er 15. ágúst 2013.**

Svalalokun: Gluggar ehf. (Akureyri) sjá um lokun svala.

Raflagnir: Skoða nánar lampa í baðherbergi, þvottahúsi og sameign. Útlit og ljósmagn.

Vatnsbretti: Dverghamrar lögðu fram sýnishorn af flísam á vatnsbretti. Flísarnar voru samþykktar. Flísalögn á vatnsbretti voru ekki inni í tilboði. Þ.v.s. að flísalögnin er viðbótakostnaður.

Lóðarfrágangur. Teikningar komnar að lóðarfrágangi. Burðarhæft lag í garði fyrir slökkvibíla.

Fundi slitið kl. 11.00. Farið í skoðunarferð um húsið.

Ritað af I.A.

**Val samtakanna að vera meðbyggjandi Kópavogstúns 2-4.
er m.a. og ekki síst, staðsetning í nágrenni við hjúkrunarheimili
Sunnuhlíðarsamtakanna og þá þjónustu sem þar er í boði.**

Útlit byggingarinnar 13. mars 2013.



Guðmundur og Magnús.

Dverghamrar

Dverghamrar var stofnað 1986 af Magnúsi Sigurðssyni og Guðmundi Guðmundssyni. Dverghamrar hafa mikla reynslu af framkvæmdum fyrir einstaklinga, ásamt því hefur fyrirtækið byggt atvinnu og íbúðarhúsnæði á eigin vegum, rúmlega 300 íbúðir og vel yfir 10 þúsund fermetra iðnaðarhúsnæðis.



Að jafnaði starfar talsverður fjöldi manna á vegum fyrirtækisins að eigin framkvæmdum. Höfuðáhersla er lögð á vandaðar íbúðir, góða þjónustu og skila íbúðum á réttum tíma. Stefna fyrirtækisins er að leitast við að eiga gott og náð samstarf við kaupendur. Við skil verkefna er gerð sameiginleg úttekt með verkkaupa. Dverghamrar munu nú sem áður kappkosta að skila góðu og vönduðu verki til viðskiptavinum sínum og ábyrgist traust, gæði og áreiðanleika í öllum sínum viðskiptum, nú sem áður.

Hjúkrunarheimili Sunnuhlíðarsamtakanna



Séð frá bílastæði yfir til Kópavogstúns 2-4.

Hjúkrunarheimili aldraðra í Kópavogi er Sjálfseignarstofnun. Að stofnuninni standa 11 félag og klúbbar, sem mynda Sunnuhlíðarsamtökin. Félagin eru: Lionsklúbbur Kópavogs, Lionsklúbburinn Muninn, Lionsklúbburinn Ýr, Kiwanisklúbburinn Eldey, Kirkjufélag Digranessóknar, Rotaryklúbbur Kópavogs, Rotaryklúbburinn Borgir, Soroptimista klúbbur Kópavogs, Kvenfélag Kópavogs, Kópavogsdeild Rauða Kross Íslands og Félag eldri borgara í Kópavogi. Undir nafni Sunnuhlíðar eru nú rekin hjúkrunarheimili, dagvist, íbúðir og þjónustukjarni.

Sunnuhlíð er fyrsta sérhannaða hjúkrunarheimili fyrir aldraða á Íslandi og fyrsti íbúinn flutti inn 28. maí 1982. Fjöldi rýma er nú 73 í 53 herbergjum, 33 einstaklings og 20 tveggja manna herbergi.

Hjúkrun – umhyggja – umönnun

Markmið Sunnuhlíðar er að vera ávalt í fremstu röð hjúkrunarheimila hvað varðar þjónustu við heimilismenn. Áhersla er lögð á virðingu fyrir einstaklingnum og alúðlega framkomu starfsfólks við heimilismenn og aðstandendur þeirra. Áhersla er lögð á að skapa heimilislegt andrúmsloft með vellíðan og öryggi hvers heimilismanns að leiðarljósi. Reynt er að auðvelda heimilismönnum að lagast að breyttum aðstæðum með því m.a. að leggja áherslu á samvinnu og stuðning við fjölskyldur þeirra. Öll

hjúkrun miðast við að styrkja heimilismenn til sjálfshjálpar að þeir njóti aðstoðar þar sem getur sleppir, og áhersla er lögð á að virða sjálfræði einstaklingsins. Þannig er leitast við að mæta hverjum og einum þar sem hann er staddur. Starfsmenn Sunnuhlíðar eru u.þ.b. 120 í 80 stöðugildum og hafa þeir víðræka reynslu og faglega færni sem nýtist vel við umönnun heimilismanna. Rekstrartekjur eru í formi daggjalda sem reiknuð er árlega útfrá niðurstöðum RAI mælinga (Raunverulegur Aðbúnaður Íbúa).

Eldhús – máltíðir

Eldhús Sunnuhlíðar matreiðir allan mat fyrir Hjúkrunarheimilið. Ráðleggingar Lýðheilsustöðvar um mataræði fyrir eldra fólk er lagt til grundvallar og Fjölbreytni í fæðuvali og næringargildi er haft að leiðarljósi. Við alla matargerð. Allt sérfæði sem þörf er á er eldað á staðnum og leitast er við að maturinn henti sem flestum.

Félagsstarf – skemmtanir

Virkni er í boði alla virka daga frá kl. 10-12. Þar er ýmislegt sýslað til dægrastyttingar s.s. prjónað, lesið, spjallað og annað sem til fellur eins og smákökubakstur fyrir jólin.

Á vegum Kópavogsdeildar Rauðakross Íslands eru starfandi heimsóknarvinir sem hafa í fjölda ára heimsótt heimilismenn og annast þeir m.a. upplestur, samveru, sögustundir, aðstoð við helgihald og gönguferðir. Einu sinni í viku kemur einnig á þeirra vegum hundur með eiganda sínum og hittir þá sem það kjósa. Hafa þessar heimsóknir tekist vel og hafa heimilismenn mikla gleði af þeim.

Söngstundin „Með sínu nefi“ er á hverjum mánudegi kl. 15:30 og taka heimilismenn hraustlega undir í söng við undirleik hljóðfærarleikara og með aðstoð heimsóknavina. Auk þess eru oft margvíslegar skemmtanir ýmissa skemmtikrafta og annarra góðra gesta.

Læknisþjónusta

Samningur er við öldrunarsvið Landspítala um læknisþjónustu.



Sunnuhlíðarsvæðið.



Sunnuhlíðarsvæðið. Til hægri er Kópavogstún 2-4. og byggingarkrani hússins.

Læknir kemur í Sunnuhlíð þrisvar í viku og er í kallfæri þess utan. Vaktþjónusta er einnig frá Landspítala utan dagvinnutíma. Þjónusta annarra sérfræðilækna er veitt samkvæmt ákvörðun læknis. Tannlæknþjónusta er í samráði við lækni og hjúkrunarfræðinga Sunnuhlíðar.

Sálgæsla – prestþjónusta

Helgistundir eru fyrir heimilismenn og aðstandendur þeirra alla fimmtudaga og sjá sóknarprestar í Kópavogi um stundirnar. Einnig má kalla prestana til ef heimilismaður eða aðstandendur óska. Inn af setustofu milli deilda 1 og 4 er lítil kapella sem alltaf er opin.

Hárgreiðsla og fót snyrting

Hárgreiðslustofa og fótaaðgerðarstofa eru í þjónustukjarna Sunnuhlíðar. Þar er hægt að panta tíma að ósk heimilismanna. Greiða þarf sérstaklega fyrir þessa þjónustu.

Sunnuhlíð Dagdvöl

Dagdvöl er staðsett í þjónustukjarna Sunnuhlíðar. Dagvist aldraða er stuðningsúrræði við þá sem að staðaldri þurfa eftirlit og stuðning til að geta búið áfram heima. Markmið dagdvalar er að veita félagslega þjónustu sem miðar að því að draga úr einangrun einstaklinga og styrkja til sjálfshjálpar. Að jafnaði nýta sér um 40 einstaklingar þessa þjónustu í viku hverri. Flestir koma í Dagdvöl tvisvar eða þrisvar í viku, en sumir einu sinni í viku. Boðið er upp á flutningsþjónustu að og frá heimili einstaklingsins, tólmstundaiðju, félagslegan stuðning, fræðslu, ráðgjöf og aðstoð við athafnir daglegs lífs. Rekstartekjur Dagdvalar eða daggjöld sem ákveðin eru árlega af velferðarráðuneytinu, en hluti daggjaldanna er greiddur af vistmönnum.

Sunnuhlíð Þjónustukjarni

Í þjónustukjarna er að finna ýmsa þjónustu, svo sem dagdvöl (dagvist fyrir aldraða), borðsal, hársnyrti-/ og fótaaðgerðarstofu, bankþjónustu, auk þess sem skrifstofur Sunnuhlíðar eru þar til húsa.

Hárgreiðsla og fótaaðgerðarstofa

Hársnyrting og fótaaðgerðarstofa, eru opnar heimilismönnum í hjúkrunarheimilinu, vistmönnum í dagdvöl, jafnt sem öllum eldri borgurum í Kópavogi.

Sjúkraþjálfun

Í hjúkrunarheimilinu er sjúkraþjálfunarstofa sem íbúar og aðrir Kópavogsbúar hafa aðgang að í samráði við sjúkraþjálfara stofnunar.

Bankþjónusta

Bankþjónusta er frá Arion banka og Íslandsbanka í þjónustukjarna. Arion banki er opinn fyrsta þriðjudag í hverjum mánuði milli 10:30 og 11:00 en Íslandsbanki fyrsta fimmtudag í hverjum mánuði á sama tíma.

Sími Sunnuhlíðar

Sjálfvirkur símsvari vísar á deildir utan venjulegs, skrifstofutíma. Símanúmer Sunnuhlíðar er 560 4100.

Minningarkort


Minningarkort Sunnuhlíðar eru seld á skrifstofu virka daga frá 8-16 í síma 5604100. Sunnuhlíð sér um að senda kortin. Allur ágóði af sölu minningarkortanna rennur til styrktar Hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð til kaupa á tækjum, meiri háttar viðhalds og lagfæringa á aðstöðu, heimilismönnum og starfsfólki til góða. Einnig er hægt að panta minningarkort á heimasíðu Sunnuhlíðar: www.sunnuhlid.is

Framkvæmdastjóri : Jóhann Árnason

Hjúkrunarforstjóri: Dagmar Huld Matthíasdóttir

Forstöðu Dagdvalar: Gunnhildur Sigurðardóttir

Umsjónarmaður íbúða: Sæmundur Alfreðsson



Í hjúkrunarálmu Sunnuhlíðar.

Lífeyrismál

Lífeyrismál hafa verið mikið í deiglu undanfarið og sitt sýnist hverjum um stöðu og starfshætti lífeyrissjóðanna. En það breytir ekki því að lífeyrir er kjaramál á Íslandi og lýtur því lögmálum kjaramála.



Formáli

Mörgum ofbýður hrænsni sumra þingmanna þegar lífeyrismál eru rædd á Alþingi. Meðal annars vegna aukningu útgjalda lífeyrissjóða vegna mikillar fjölgunar öryrkja og aukins langlífis. Örorkutekjurnar hjá lífeyrissjóðunum eru afkomutengdar og eiga að tryggja að sjóðsfélaginn hafi sambærilegar tekjur og hann hafði fyrir örorkutapið, en ekki hærri tekjur. Einn hópur í almennum lífeyrissjóð getur ekki notið meiri réttinda en reglugerðir kveða á um, nema þá að taka það frá öðrum. Í lífeyrissjóðum ríkis og bæja sem eru sjáanlega þingmönnum þóknalegri, er þessi upphæð sótt í ríkissjóð. Auðvitað spyr maður, einn og annan, hvort lífeyrir ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara spili hér út sínum trompum. Iðgjöld til lífeyrissjóðs alþingismanna þyrftu að vera mjög há til að þau stæðu undir þeim lífeyrisréttindum sem sjóðurinn lofar og samsvarandi iðgjaldþörf lífeyrissjóðs ráðherra enn hærri. Starfstími þingmanna til að ná hámarksréttindum er rúmlega 20 ár en um 5 hjá ráðherra. Þá fær fyrrverandi ráðherra sem einnig gegndi þingmennsku eftirlaun fyrir tíma sinn á Alþingi, óháð réttinda ávinnslu ráherrarstarfsins. Við breytingu á opinbera lífeyrissjóðakerfinu 1997 var stefnt að því að hverfa frá gegnumstreymiskerfi yfir í sjóðssöfnunarkerfi í lífeyriskerfum ríkis og bæja, en það er það kerfi sem almennu lífeyrissjóðirnir

byggja á. En það segir sig sjálf að erfitt er að breyta lífeyrisréttindum ráðherra, þingmanna og hæstaréttardómara í samræmi við þau lög, enda hefur ekki verið gerð.

En rétt er að framkomi að með lögum nr. 169/2008 er gerð breyting á ráðherraeftirlauna rétti með eftirfarandi greinarhluta laganna: 8 gr. síðasta málsgrein; Við bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi: Nú gegnir sá sem á rétt til eftirlauna samkvæmt lögum þessum starfi á vegum ríkisins, stofnana þess eða félaga í meirihlutaeigu þess, og koma þá launagreiðslur fyrir það starf að fullu til frádráttar þeim eftirlaunum sem ákvörðuð eru samkvæmt þessum lögum. Skerðing greiðslna skv. 1. og 2. mgr. fellur niður þegar látið er af starfi. Grundvallaratriði í kjaramálum aldraðra er að ná breiðu samkomulagi allra landsmanna um afkomutryggingar, óháð starfi og frama á vinnumarkaði. Þá einnig um viðbótar afkomutryggingar sem hver ein fjármagnar sjálfur í samvinnu við sinn atvinnurekanda, svo komið sé í veg fyrir lögbvingaða mismunun. Í frétt í Mbl. 21 maí 2012 frá fundi um lífeyrismál segir að Ásmundur Stefánsson, fyrrverandi forseti ASÍ, hafi sagt „ekki hafa haft hugmyndaflug til að láta sér detta í hug að stjórnmöld myndu ganga svo langt í tekjutengingu ellilífeyris eins og þau hafa gert. Það skipti í dag engu máli hvort verkakona á lágmarkslaunum hefði greitt í



Formáli og samantekt ritstjóra EGJ.

Hugmyndir um að lífeyrisréttindi allra stétta landsmanna yrði komið á og væru sambærileg réttindum lífeyrissjóðskerfa embættismanna, hafa vafalaust verið í kjara umræðunni frá upphafi lífeyrisréttar á Íslandi 1855, en með tilskipun frá 31. maí 1855 voru lögleidd á Íslandi lög um eftirlaun embættismanna. Saga þessarar umræðu er rakin síðar í þessari grein.

Lífeyrisrétturinn varð loks eftir 1946 orðin órjúfanlegur hluti af heildarkjörum landsmanna, með stofnun Almannatrygginga. En mikil tímamót urðu 1969 þegar náðist samkomulag við gullblik augna og hugar framsýnna aðila vinnumarkaðarins um stofnun atvinnutengdra lífeyrissjóða með skylduaðild og sjóðsöfnunarkerfi. Nú skildi máttur og megin veru í höndum réttra aðila og það hefur tekist með skerjarisþum stökum sinnum.

Á árinu 1997 náðist víðtæk sátt um skipan lífeyrismála hér á landi sem leiddi af sér endurskipulagningu á lífeyrismálum opinberra starfsmanna, samþykkt rammalöggjafar um starfsemi lífeyrissjóða og frjálsan en skilyrtan viðbótarlífeyrissparnað með skattfrelsi iðgjalda. Við breytingu á opinbera lífeyrissjóðakerfinu 1997 var stefnt að því að hverfa frá gegnumstreymiskerfi yfir í sjóðsöfnunarkerfi, en það er það kerfi sem almennu lífeyrissjóðirnir byggja á.

Almenna lífeyrissjóðakerfið hefur byggt á sjóðsmyndun og sjóðurinn ber ábyrgð á skuldbindingum hans. Sú ákvörðun að koma almennu sjóðunum á legg var löngu tímabær.

Lífeyrissjóðakerfi opinberra starfsmanna hafði hins vegar verið byggt á gegnumstreymissjóðum og skuldbindingar þeirra eru á ábyrgð ríkisins en ekki sjóðanna. Iðgjöldin í opinberu sjóðina eru ekki greidd samtímis nema að hluta til, en ríkið skuldbindur sig til að tryggja sjóðsfélögum lífeyri þegar þeir þurfa á honum að halda. Opinberu sjóðirnir eru því enn að stórum hluta gegnumstreymissjóðir.

Eitt algengasta lífeyriskerfi í iðnríkjum er opinbert gegnumstreymiskerfi. Slíkt kerfi byggist á því að hið opinbera notar annað hvort skattlagningarvald sitt eða möguleika til lögbindingunar til að greiða lífeyrisþegum lífeyri beint af samtíma tekjum þeirra sem eru vinnandi. Þessi kerfi hafa þá kosti að unnt er að greiða lífeyrisþegum tiltölulega góðan lífeyri strax frá upphafi kerfisins, hægt er að koma við tekjujöfnun og þau geta verið tiltölulega ódýr í rekstri þar sem þau ná til allra og innheimtu og eftirlitskerfi skattsins er gjarnan notað til að reka kerfið.

Opinber gegnumstreymiskerfi standa nú frammi fyrir djúpri kreppu víða um heim sakir aukins hlutfalls aldaðra og vegna

upphaflegra hönnunargalla. Mörgum þessara kerfa var komið á fót þegar fólksfjöldi og raunlaun jukust mun hraðar en nú gerist. Það var því kleift að greiða fyrstu kynslóð lífeyrisþega háan lífeyri með tiltölulega lágum iðgjöldum eða sköttum.

Vegna stöðugt hækkandi meðalaldurs fjölgar lífeyrisþegum samfara fækkun þeirra sem standa undir kostnaði við gegnumstreymiskerfið. Svokölluð öldrunarbyrði þyngist með hverju árinu sem líður. Þess vegna telja flestir hagspekingar að sjóðsöfnunarkerfið sé mun betra fyrirkomulag en gegnumstreymiskerfið.

Þótt sjóðsöfnunin sé góðra gjalda verð þá dugir hún ekki með núverandi forsendum lífeyrisskerfisins á Íslandi. Hækkandi lífaldur eykur stöðugt skuldbindingar lífeyrissjóða og núverandi iðgjöld standa ekki undir þeim skuldbindingum. Í því samhengi hafa verið ræddar tillögur um að hækka almennan lífeyrisaldur úr 67 árum í 72 ár og að hækka heildariðgjöld frá 15,5% í um 20%, og að jafna skuli réttindi þeirra sem greiða í lífeyrissjóði þannig að ríkið hætti að ábyrgjast lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna. Opinberir lífeyrissjóðir eru með baktryggingu launagreiðenda sem þýðir að réttindin eru föst gagnvart sjóðfélögum og ber því ríki og sveitarfélögum að bæta við greiðslum til sjóðanna ef þeir eiga ekki fyrir skuldbindingum sínum. Í almennum lífeyrissjóðum eru réttindin skert eða aukin m.t.t. skuldbindingastöðu sjóðanna hverju sinni. Lágmarkstryggingavernd og réttindaávinnsla í almennum lífeyrissjóðum eftir að taka ellilífeyris hefst er mánaðargreiðsla sem nemur 56% af þeim mánaðarlaunum sem greitt er af í 40 ár. Ávinnslan er því að meðaltali 1,4% á ári. A-deildir LSR og LSS veita sams konar lífeyrisréttindi en þau nema 1,9% á ári. M.v. 40 ára tímabil er uppsafnaður réttur 76% af mánaðarlaunum sem greitt var af hjá opinberum starfsmönnum.

Stjórnsýsla fjármálsnillinga í netbólunni og einkabankabólunni þekkjum við öll og vitum að „snillin“ var hræðilegur smitsjúkdómur sem smitaði alla fjárgæmslumenn og jafnvel

gætnustu konur í þeirri stétt með lottó leikjaræði. Snilldin m.a. núna er að hækka lífeyrisaldur til að minnsta kosti sjötíu og tveggja ára aldurs vegna mistaka lífeyrissjóðanna á liðnum árum og tekinn greiðslufrest ríkissjóðs, á greiðslum í „ríkissjóð“ lífeyris. En eins og lögin frá 1997 mæla fyrir um átti gegnumstreymis fyrirkomulagið að hverfa og sjóðsmyndun koma í þess stað. Auðvitað spyr maður einn og annann, hvort lífeyrir ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara spili hér út sínum trompum.

Lífeyrir ríkis og bæjar er nú í rúmlega 500 miljörðum króna í mínus og aðrir sjóðir í 100 miljörða króna mínus miðað við skuldbindingar. Nú er að duga eða drepast, lífeyrissjóðsmenn!. 67+ voru um 26.000 í desember 2010, en verða um 60.000 í desember 2030. Forsendur fyrir þeim aldursviðmiðunum sem gilda eru brostnar því aðstæður eru allt aðrar í dag en þær voru þegar viðmiðin voru ákveðin. Ljóst er að lífeyriskerfi hins opinbera er ekki sjálfbært. Það kallar stöðugt á hækkandi framlög. Því verður að breyta. Það verður þó ekki gert án mikils og góðs samráðs allra aðila – eins konar þjóðarsátt verður að nást. Stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins verða því að taka höndum saman og finna án frekari tafa lausnir á þeim vanda sem við blasir. Menn mega ekki, og eiga ekki, að fljóta sofandi að feigðarósi. Sú leið að steypa öllum sjóðunum saman í einn sjóð er ekki vænleg leið í ljósi þess að þar myndi myndast óheyrilegt efnahagslegt vald sem stæði berskjaldað fyrir ágangi stjórn málaflanna á hverjum tíma. Baráttan snýst einfaldlega um að framtíðarskipan lífeyrismála tryggji mannsæmandi líf skjör þeim sem hverfa af vinnumarkaði vegna öldrunar eða örorku. Já, það sýnist sitt hverjum um stöðu og starfshætti lífeyrissjóðanna og þar á ekki síst við vaxandi tortryggni sem lífeyriskerfið í heild glímir við, m.a. vegna allra flötu skerðinga sem fólk sér sem viðbótarskattlagningu á laun úr lífeyrissjóðum. Auk þessara miklu tekjutenginga, glíma lífeyriskerfin við mikinn halla sem verður erfitt að snúa við, einkum meðan veik króna og höft sliga efnahagslífið í landinu. Þá bætir ekki úr það mikla vantraust sem stjórnvöld og þá einnig landsmenn, glíma við eftir hrun.

Tenglar og heimildir:

Ólafur Ísleifsson/tímarit HR.2012 / Herdís Gunnarsdóttir tímarit hjúkrunarfræðinga 2013/

<http://www.fjarmalaraduneyti.is/verkefni/lifeyrismal/> http://www.ll.is/files/bahbahhdbb/islenska_lifeyriskerfid.

Már Guðmundsson/ <http://www.samband.is/um-okkur/sjonarmid/nr/1417>

Samband Ísl. Sveitarfélaga.

Þórir Bergsson, Samvinnan 1974

Lífeyrisréttindi hjúkrunarfræðinga og staða sjóðanna

**Herdís Gunnarsdóttir fer hér yfir
hvernig þessi mál snúa að hjúkrunarfræðingum**



Herdís Gunnarsdóttir, MSc, MBA, situr í stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og er formaður stjórnar Lífeyrissjóðs.

Lífeyrisrétturinn er órjúfanlegur hluti af heildarkjörum hjúkrunarfræðinga. Mun lægri laun hjúkrunarfræðinga, samanborið við háskólastéttir á almennum vinnumarkaði, hafa í gegnum tíðina verið réttlætt með tilvísun til góðra og öruggra lífeyrisréttinda í opinberum sjóðum. Hugmyndir um að breyta réttindum í opinberum lífeyrissjóðum til jafns á við almenn lífeyrisréttindi hafa verið í umræðunni síðustu misseri. Í því samhengi hafa verið ræddar tillögur um að hækka lífeyrisaldur úr 65 árum í 67 ár og að jafna skuli réttindi þeirra sem greiða í lífeyrissjóði þannig að ríkið hætti að ábyrgjast lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna. Stjórn FÍH sá því tilefni til að álykta um það nú í haust að slíkar breytingar á lífeyrisréttindum hjúkrunarfræðinga yrðu ekki samþykktar af FÍH enda þyrfti þá að koma til stórkostleg leiðrétting launa ef sama vinnulöggjöf á að gilda hjá hinu opinbera og á almennum vinnumarkaði.

Skuldbindingar hins opinbera Ég hef því beitt mér fyrir því að stjórn FÍH skori á stjórnvöld að setja fram áætlun um hvernig skuli leiðrétta inngreiðslu hins opinbera í Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga (LH) og jafnframt að hækka iðgjöld til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR), eins og kveðið er á um í núgildandi lögum um lífeyrissjóðinn. Þegar rætt er um skuldbindingar ríkisins vegna LSR og LH má ekki gleyma því að verið er að ræða réttindi mikils meirihluta hjúkrunarfræðinga sem starfað hafa í opinberri þjónustu á undanförunum áratugum og skapað ábata í velferðarkerfinu og í íslensku samfélagi. Skuldbindingar eða skuld ríkisins við LSR og LH eru því áunnin réttindi þúsunda einstaklinga sem koma eiga til greiðslu á næstu árum og áratugum en ekki

reikningur sem bíður skattgreiðenda framtíðarinnar að greiða. Ég vil draga fram þá staðreynd að hjúkrunarfræðingar, sem flestir eru opinberir starfsmenn, eru einnig skattgreiðendur. Umræðan um að skertar inngreiðslur ríkisins vegna skuldbindinga við opinbera lífeyrissjóði sé framtíðarbyrði sem skella skuli á skattgreiðendum er því á villigötum. Vandí A-deildar LSR er til kominn vegna þess að ríkið hefur frá árinu 2008 ekki greitt að fullu skuldbindingar sínar í inngreiðslum til sjóðanna eins og ber að gera lögum samkvæmt. Við breytingu á lífeyrissjóðakerfinu 1997 var stefnt að því að hverfa frá gegnumstreymiskerfi yfir í sjóðssöfnunarkerfi, en það er það kerfi sem almennu lífeyrissjóðirnir byggja á. Almenna lífeyrissjóðakerfið hefur byggt á sjóðsmyndun og sjóðurinn ber ábyrgð á skuldbindingum hans. Lífeyrissjóðakerfi opinberra starfsmanna hafði hins vegar verið byggt á gegnumstreymissjóðum og skuldbindingar þeirra eru á ábyrgð ríkisins en ekki sjóðanna. Iðgjöldin í opinberu sjóðina voru ekki greidd samtímis nema að hluta til, en ríkið skuldbindur sig til að tryggja sjóðsfélögum lífeyri þegar þeir þurfa á honum að halda. Vandí LH liggur í að sjóðurinn hefur einungis að hluta til verið byggður upp á sjóðsöfnun. Áætlanir liggja ekki fyrir í fjárlögum stjórnvalda um hvernig skuli mæta þessum vanda. Stjórn og stjórnendur hjá LSR og LH hafa ítrekað komið á framfæri raunhæfum tillögum þess efnis hvernig hefja megi auknar inngreiðslur til lífeyrissjóðanna með mismunandi leiðum, til að koma í veg fyrir að sjóðirnir tæmist á næstu áratugum. Til að átta sig á um hvað vandí opinberu lífeyrissjóðanna snýst er mikilvægt að þekkja hverjir eiga aðild að sjóðunum og hver núverandi staða lífeyrissjóðanna er.

Núverandi staða A deildar LSR og LH Hjúkrunarfræðingar greiða ýmist iðgjald til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) eða í Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga (LH). Í ársbyrjun 1997 var LH lokað fyrir nýjum sjóðfélögum og frá sama tíma hafa allir nýráðnir hjúkrunarfræðingar greitt iðgjald til LSR. Hjúkrunarfræðingar sem greiddu í LH fyrir 1997, og eru á fóstum mánaðarlaunum við hjúkrunarstörf hjá opinberum stofnunum eða heilbrigðisstofnunum, mega enn greiða til LH hafi þeir ekki valið á sínum tíma að skipta yfir í A-deild LSR. Nú er svo komið að u.þ.b. 80% starfandi hjúkrunarfræðinga greiða iðgjald af launum sínum til A-deildar LSR. Fjöldi hjúkrunarfræðinga á hins vegar mikilvæg réttindi í LH. Á árinu 2011 greiddu 513 sjóðfélagar iðgjald til LH. Jafnframt átti 1.771 einstaklingur geymd réttindi hjá sjóðnum, en með því er átt við að þeir eigi réttindi hjá lífeyrissjóðnum en greiði ekki lengur til hans. Þá fengu 848 einstaklingar lífeyrisgreiðslur á liðnu ári. Hjúkrunarfræðingar sem greiða í LSR, A deild og LH njóta ríkisábyrgðar á lífeyrisréttindunum, sem skilgreind eru í lögum. Ef iðgjöldin duga ekki fyrir réttindum borgar

ríkið mismuninn í stað þess að réttindin skerðist eins og á almenna markaðnum. Við lokun LH fyrir nýjum sjóðfélögum varð ljóst að gera þurfti ráðstafanir til að eignir sjóðsins yrðu ekki uppnar löngu áður en skuldbindingar við lífeyrisþega framtíðarinnar kæmu til greiðslu. Því hóf ríkið á árinu 1999 að greiða fjárhæðir umfram lagaskyldu til að standa undir framtíðarskuldbindingu sjóðsins. Í kjölfar hrunsins 2008 féllu þessar greiðslur niður. Verði ekkert að gert munu eignir sjóðsins tæmast eftir u.þ.b. 15 ár. Heildarstaða LH var neikvæð um 44 milljarða króna í árslok 2011. Skuldir A-deildar LSR umfram skuldbindingar á árinu 2011 voru 13,1% samkvæmt mati á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins.

Ábyrgð stjórna LSR og LH Stjórnir LSR og LH eru þannig samsettar að helmingur stjórnarfólks eru fulltrúar sjóðsfélaga og helmingurinn er skipaður af fulltrúum fjármálaráðherra. Stefnumótun, eftirlit og framkvæmd fjárfestinga LSR og LH er í höndum stjórnanna, framkvæmdastjóra og annarra stjórnenda sjóðanna. Við núverandi aðstæður er það einnig skylda stjórna sjóðanna að benda á með hvaða hætti skuli bregðast við vanda vegna skuldbindinga sjóðanna. Stjórn LH hefur lagt áherslu á að gerð verði áætlun um hvernig standa skuli við skuldbindingar sjóðsins, af hálfu launagreiðenda, fyrir lífeyrisþega framtíðarinnar. Fulltrúar sjóðfélaga í stjórn LSR og LH hafa ítrekað bent á nauðsyn þess að ríkissjóður byrji aftur að greiða árlega til LH með sambærilegum hætti og gert var fram til 2008. Þessar greiðslur megi takmarka til að byrja með í ljósi erfiðrar stöðu ríkissjóðs en auka stig af stigi á næstu árum. Þá hafa fulltrúar sjóðfélaga í stjórn LSR bent á nauðsyn þess að hækka iðgjald launagreiðenda til A-deildar sjóðsins.

Ábyrgð sjóðsfélaga Mikill meirihluti hjúkrunarfræðinga á Íslandi á ríkistryggð lífeyrisréttindi í A-deild LSR og LH. Mikilvægt er fyrir sjóðsfélaga að kynna sér vel og þekkja aðild sína að sjóðunum og áunnin lífeyrisréttindi. Allar slíkar upplýsingar eru aðgengilegar á heimasíðu LSR og LH, auk upplýsinga um áunnin réttindi sem sjóðsfélagar fá reglulega sendar frá lífeyrissjóðunum. Auk þess er auðsótt að fá upplýsingar hjá starfsfólki á skrifstofu lífeyrissjóðanna. Ársfundir LSR og LH eru einnig kjörinn vettvangur til að kynna sér rekstur og stöðu sjóðanna. Á síðasta ársfund mættu 45 manns. Árlega eru haldnir kynningar Og samráðsfundir með lífeyrisþegum og hafa þeir mælst vel fyrir og hafa verið vel sóttir. Ríkistryggð lífeyrisréttindi hjúkrunarfræðinga eru áunnin réttindi og við þeim verður ekki hróflað nema með umfangsmiklum breytingum á vinnulöggjöfinni og umbótum í launa- og kjaramálum. Ég vil hvetja alla hjúkrunarfræðinga til að standa vörð um lífeyrisréttindi sín og standa vaktina saman í kjarabaráttu með samstöðu og stéttvísi að leiðarljósi. *Birt hér með leyfi Herdísar.*

Pórir Bergsson:

Um fjárhagslega stöðu aldraðra

Sérstaða aldraðra og aldursmörk

Fjárhagsleg vandamál á elliárum eru í sjálfu sér ekki annars eðlis en á öðrum aldurskeiðum, eftir að náð er þeim líkamlega og andlega þroska, að einstaklingurinn getur aflað sér fjár með vinnu sinni. Elli sem slíkri fylgir alltaf, að líkamlegt og andlegt þrek dvínar. Fjöldi þeirra, sem hafa skerta starfsorku, vex því hlutfallslega, þegar árin færast yfir. Hvenær dregur svo mikið úr henni, að til verulegs бага sé, er mjög svo einstaklingsbundið. Það eru ekki til nein föst aldursmörk, sem segja til um, hvenær ellin gerir einstaklinginn óhæfan til arðbærra starfa. Öll slík aldursmörk eru af mönnum gerð.

Ekki aðeins þannig, að lög og reglugerðir veiti réttindi til ellilífeyris, þegar ákveðnum aldri er náð.

Vissum störfum hjá því opinbera er hreinlega óheimilt að gegna nema til ákveðins aldurs (ekki þó þeim ábyrgðarmestu), og algengt er, að einkafyrirtæki óski þess, að starfsmenn hætti störfum ekki síðar en við sjötugsaldur hér á landi. Erlendis þekkjast mun lægri aldursmörk.

Vandamál gamals fólks, hvað fjárhag snertir, er þannig nátengt vandamálum varðandi atvinnu og heilsufar. Þegar atvinnuástand er gott eins og nú er hér á landi geta flestir vinnufærir karlar og konur fengið atvinnu, ef þau óska þess. Strax og eitthvað dregur úr eftirspurn eftir vinnuafli, er hætt við og raunar öruggt, að það bitnar fyrst á þeim, sem ellin er farin að setja mark sitt á. Það er líka auðveldara fyrir atvinnurekendur að réttlæta fyrir sjálfum sér og öðrum að láta þá fyrst víkja úr starfi, sem þegar eiga rétt á nokkurri umbun frá almannatryggingum og hugsanlega einnig frá lífeyrissjóðum.

Þar við bætist, að fæstir á ellilífeyrisaldri hafa börn á framfæri, og ýmislegt annað getur valdið því, að þeir séu betur settir fjárhagslega en aðrir til að mæta atvinnuleysi. Af mínum sjónarhóli er ekki eðlismunur, sem veldur því, að vandamál aldraðra eru alltaf rædd sem sérstakt vandamál. Þar er um að ræða mismun á hlutfallslegum fjölda þeirra, sem hefur skert vinnubrek, sjálfsbjargargetu og aðstöðu á mismunandi aldurskeiðum. Hjá þeim þjóðum, sem lengst eru komnar á þeirri braut að tryggja kjör allra, sem af einhverjum ástæðum eru ekki

færir um að sjá sér og sínum farborða, hafa margskonar rök verið færð fyrir því, að ákveðin aldursmörk eru sett, sem veita öllum þjóðfélagsþegnum rétt til ellilífeyris, þegar þeir ná þeim mörkum, án tillits til þess, hvort þeir þarfnast fjárhagsaðstoðar eða ekki. Þessi rök eru sum hver allþungvæg, en vissulega er ástæða til að draga í efa, að þau réttlæti til fulls svo stirt kerfi, sem óhjákvæmilega verður afleiðing þeirra. Ég mun lítillga ræða þessi rök: Þeir, sem náð hafa aldursmarkinu, eiga rétt á og hafa unnið til þess að njóta lífsins eftir langa og- stranga starfsævi. Þetta eru sennilega þungvægustu rök. Eru í raun og veru nokkur gagnrök til? Áður benti ég á, að atvinnuleysi gæti bitnað fyrst á þeim, sem rétt eiga á fjárhagsaðstoð annars staðar frá (benda má á allviðtæk íslensk dæmi). En er nokkur víska fyrir, að það sé vilji gamals fólks að hverfa úr starfi? Hugsanlega starfi, sem er orðinn veigamikill hluti af tilveru þess, jafnvel sjálft innihald lífsins. Hefur þetta gamla fólk aðstöðu og löngun til að hætta þátttöku í lífandi starfi og setjast í helgan stein, og er það undir það búíð? Hræddur er ég um, að svörin yrðu margbreytileg, ef þeirra væri leitað. Grunur minn er sá, að margir óskuðu þess að vera áfram virkir í atvinnulífi þjóðarinnar. Stundum finnst mér þeir hverfa úr samfélaginu um leið og þeir hætta störfum og jafnvel sé ætlast til þess. Þjóðfélagið má ekki við því að missa þetta fólk þannig. Það væri mikið ólán, ef það einangraðist frá yngra fólki og rödd þess hljóðnaði. Þjóðin yrði fátækari eftir en áður, og á ég þá ekki við fátækt mælda í krónutölu.

Á einni bók sá ég þá hugmynd setta fram, að hin rökrétta stefna væri að setja ekki fastákveðin aldursmörk, heldur ætti að halda opinni leið til tryggjar þátttöku í atvinnulífinu og virku lífi sem samfélagsþegn. Jafnframt yrði öllum gefinn kostur á að fá starfshlé eitt eða fleiri fyrir á ævinni til þess að njóta lífsins, fá tíma til að hugsa, afla sér nýrrar þekkingar og þjálfunar þar með talið, ef hugurinn girnist, að búa sig undir að geta notið ellinnar. Atvinnustörf þau, sem þjóðfélag okkar krefst að unnin séu, eru margbreytileg. Sumum er ekki hægt að gegna, nema á meðan heilsa og kraftar eru óskertir. Önnur störf gera vægari kröfur, og tel ég að þau taki smám saman til hlutfallslega stærri og stærri hluta atvinnulífs þjóðarinnar. Starfshlé á síðari hluta hinna svonefndu manndómsára mætti án efa m. a. nýta til verðmæts



Þórir Bergsson
Valgarð Briem
Garðar Halldórsson
Auðunn Hermannsson
Ólafur Ólafsson
Páll Sigurðsson

Þór Halldórsson
Frits Rosén
Geirprúður Hildur Bernhöft
Óttar Halldórsson
Sören Sörenson
Séra Halldór Gröndal



kjör aldraðra

Þórir Bergsson:

Um fjárhagslega stöðu aldraðra

Sérstaða aldraðra — Aldursmörk

Fjárhagsleg vandamál á ellí-
árum eru í sjálfu sér ekki ann-
... eðla en á öðrum aldurs-

flestir vinnufærir karlar og
konur fengið atvinnu, ef þau
óska þess. Strax og eitthvað
dregur úr eftirspurn eftir
vinnuafli, er hætt við og raun-
... áttu, en þá er líttan ferst

rök eru sum hver allþungvæg,
en vissulega er ástæða til að
draga í efa, að þau réttlæti til
fulls svo stírt kerfi, sem óhjá-
kvæmilega verður afleiðing
þeirra. Ég mun lítillga ræða
þessi rök:

Þeir, sem náð hafa aldurs-
markinu, eiga rétt á og hafa
unnið til þess að njóta lífsins
eftir langa og stranga starfs-
ævi.

réttu stefna væri að setja ekki
fastákveðin aldursmörk, held-
ur ætti að halda opinni leið til
tryggrar þátttöku í atvinnulíf-
inu og virku lífi sem samfélags-
þegn. Jafnframt yrði öllum
gefinn kostur á að fá starfshlé
— eitt eða fleiri — fyrir á æv-
inni til þess að njóta lífsins,
fá tíma til að hugsa, afla sér
nýrrar þekkingar og þjálfun-
ar — þar með talið, ef hugur-
inn gírnist, að búa sig undir
að geta notið ellinnar.
Atvinnustörf þau, sem hlöð-

Grein Þóris birtist upphaflega í 2. tbl. Samvinnunnar árið 1974. Finna má greinina á www.timarit.is undir leitarorðunum „Um fjárhagslag kjör aldraðra“.

undirbúnings fyrir þá, sem gegnt hafa störfum, sem illa henta þegar dregur úr starfsþreki, og opna þeim leiðir til nýrra starfa. Slík stefna rækist ugglaust á erfið fjármögnunar vandamál, og að líkindum vandleystari en fjármögnun ellilífeyris. Það krefðist fjárhagslegs stuðnings við fólk í fullu fjöri sambærilegs við venjulega tekjuöflun þess. Ég nefni þetta sem athyglisverða hugmynd, en augljóslega er þá þörf á róttæku endurmati á því, hvernig við viljum verja ævi okkar, og hvaða leiðir geta leitt til aukinnar hamingju og lífsgleði á öllum aldurskeiðum. Þessi hugmynd er skyld hugmyndinni um fullorðinsfræðslu en mun viðtækari, og gefur betra tækifæri til aðlögunar að þörfum og óskum hvers einstaks. Önnur rök fyrir hinu stíðnaða kerfi með aldursmörkin eru: framkvæmd ellilífeyriskerfis með föst aldursmörk er afar einföld, og hún er réttlát.

Einfaldleikanum neita ég ekki, en réttlæti þess ástands, sem hér hefur skapast, dreg ég í efa. Ein rökin fyrir réttlætinu eru, að allir hafi greitt jafnt til almannatrygginga hér á landi. Þetta er ekki rétt, og var það ekki heldur þann tíma, sem nokkur hluti kostnaðar við lífeyrisgreiðslur almannatrygginga var greiddur með iðgjaldi sem nefskattur. Það var einfaldlega ekki notuð nema af örlitlum hluta réttshafa. Það virðist benda til þess, að flestir vilji fá ellilífeyri strax frá 67 ára aldri, jafnvel þó ekki dragi úr tekjuöflun þeirra við þann aldur. Engin víska er þó fyrir því, að þetta sé rétt ályktað.

Ég efa, að það séu ýkja margir, sem hafa hugmynd um þessa heimild, og hvernig hún verkar til hækkunar lífeyris og þá um leið, hver áhrif tekjuskattur hefur á gildi þess að fresta töku lífeyris. Eftir að tekjutryggingin var lögfest árið 1971, hverfur líka hjá ýmsum allur ávinningur af frestun.

Þessu síðasta atriði er unnt að bæta úr á einfaldan hátt með því að láta tekjutrygging hækka líka við frestun töku lífeyris. Annars lít ég á tekju-trygginguna sem tímabundna aðlögunarráðstöfun. Mér er ljóst, að þessar línur eru fremur samsafn spurninga en svör. Ég reyndi að finna svör við ýmsu, sem nauðsynlegt er að vita varðandi kjör aldraðra, en fljótlega varð mér ljóst, að þau lágu ekki á lausu. Fyrir því eru skiljanlegar orsakir. Vaxtarhraði á öllum sviðum í hinu íslenska samfélagi hefur á síðustu áratugum verið svo svimandi mikill, að við höfum tæpast haft tíma til að spyrja, því síður að ígrunda og leita svara. Undanfarna áratugi hafa efnahagssérfræðingar ríkisstjórnar varla haft tíma til annars en stöðugra umreikninga á sömu atriðum vegna síbreytilegs ástands og verðgildis krónunnar. Alltaf virðist knýjandi þörf á gagngerðum breytingum á öllum sviðum. Markviss framþróun þekkist ekki; heljarstökk og kollsteypur eru regla en ekki undantekning. Er ekki kominn tími til að skyggast um og athuga hvað hefur gerst, hvar við stöndum, og hvert við stefnum? Fyrir einni öld var ekki lítið á vandamál gamals fólks

aðskilið frá vandamálum á öðrum aldurs skeiðum. Við lifum nú í vandamála-myrvíði: Vandamál einstæðra foreldra, vandamál öryrkja, vandamál aldraðra, vandamál unglinga, vandamál námsmanna að ég ekki tali um þau vandamál, sem fylgja því, að mannskepnan skiptist í tvö kyn o. fl., o. fl.

Fyrir örfáum dögum sá ég í dagblaði kvartað yfir, að ekki væri nóg gert fyrir 17 og 18 ára unglinga. Hvenær klofnar sá hópur? Já, vandamálin eru orðin mörg. Orsakasambandið virðist vera: Því meiri velmegun, því fleiri tegundir vandamála. Er ekki meginvandamálið það, að við kunnum ekki að njóta fjárhagslegrar velmegunar? Hefur þróunarhraðinn gert okkur ringluð? Gleymum við að gefa okkur næði til að hugsa og lifa? Við skulum nú líta yfir farinn veg. Ég hef gert yfirlit yfir stöðu aldraðra á Íslandi. Aðferð mín er sú að vitna í lagaákvæði og reyna með því að sýna, hvernig réttarstaða aldraðra hefur verið.

Litið um öxl. Um framfærslu

Fyrstu þekktu lagaákvæði um framfærslu eru úr Grágás, sem flest eru einnig í Jónsbók. Þau fjalla um ómaga. En svo nefndist sá, ungur eða gamall, sem ekkert átti sér til framfærslu og ekki gat unnið fyrir sér. Öll framfærsla ómaga var fyrst og fremst ættarframfærsla, og náði hún til allfjarskyldra ættingja. Ef frændafamfærsla hrökk ekki til, bar hreppnum að sjá um ómagaframfærslu, og var fjár til þess aflað með 14 hluta af tíundinni, sem var þeirra tíma skattur. Engar breytingar, sem máli skipta, verða á þessu fyrr en með;

„Reglugerð fyrir fátækra málefna lögun og stjórn, fyrst um sinn, á Íslandi“ frá 8. Janúar 1834. Með þessari reglugerð gjörir einvaldskonungur okkar Friðrik VI O. s. frv. vitanlegt: „að Vjer, eptir að hafa, viðvíkjandi fátækra málefna lögun og stjórn á Voru landi Íslandi, látið útvega hugleiðingar og frumvörp frá landsins embættismönnum, höfum tekið þetta efni til nákvæmustu yfirvegunar, og þar með komist að raun um, að það mun landinu þarflegast vera, að þar hingað til gildandi reglur í flestum atriðum framvegis viðhaldist, en að samt fáeinar af téðum reglum kunni að þurfa nokkurrar umbreytingar eður nákvæmari ákvörðunar við, og að það undireins muni þéanlegt, að gjörvöll fátækra málefni lagist með vissu lögmáli. Til þessa augnamiðs höfum Vjer ályktað allranáðugast að fyrirskrifa eptirfylgjandi reglur, sem fyrst um sinn eiga að að notast í tilliti til fátækra málefna á Íslandi.“

Þessi reglugerð er öll hin fróðlegasta og væri gaman að birta margt úr henni, en ég verð hér að reyna að takmarka ívitnanir í hana. Þar sem hún gildi svo til óbreytt fram yfir aldamót, og mörg ákvæði hennar eru enn gildandi lög með nýju orðalagi, mun ég þó falla í þá freistni og tilfæra hér nokkur ákvæði. Þau varpa ljósi á hugsunarhátt og aldarfar þeirra tíma og lýsa jafnframt að nokkru stöðu Olnbogabarna þjóðfélagsins.

II. KAFLI heitir:

Að hve miklu leyti sjerleg eður náunga framfærsla heimtast eigi. Þar segir m. a.:

„Eins og foreldrar eru skyldugir að forsorga og uppala þeirra börn, svo eru líka afkvæmi, eptir þeirra kjörum, skyldug til að sorga fyrir þeirra þurfandi foreldra framfærslu, er þannig eigi má auka sveitinni þyngsli, svo lengi sem börn og afkomendur megna hana að veita.“

Hér er ættarframfærslan takmörkuð sem skylda við beinan legg, en;

„Líka eiga hlutaðeigandi prestur og hreppstjóri að leitast við að koma öðrum ættingjum, sem svo efnaðir eru, til að sorga fyrir náskyldra viðurværi, svo það ei verði vandalausum að byrði.“

III. KAFLI ber fyrrisögnina:

Hverjir þurfandi sjeu, og hvar þeir forsorgast eiga, svo og um fátækra flutning. Þar segir í 5. grein:

„Þurfamenn álitist einungis þeir fátæku að vera, sem ekki með sjálfs síns styrk, á löglegan hátt, geta útvegað sér nauðsynlegt viðurværi, og þannig, án annarra hjálpar, hljóta að sakna þess, sem til fræðslu, fatnaðar, húsnæðis, hlýinda og hjúkrunar í sjúkdómstíffellum er ómissanlegt fyrir viðhald lífs og heilsu. Ef slík örbyrgð orsakast af leti, eyðslu, lostasemi og löstum, er það hreppstjóranna og prestsins skylda að reyna til að koma þessu í lag, með að halda slíkum persónum til iðjusemi, og til að haga þeirra lífsmáta þannig, að þeir annaðhvort öldungis ekki, eður svo sjaldan sem mögulegt er, verði hjálpar þurfandi.“

IV. KAFLI heitir:

Um forsorgunina.

Þar segir m. a.:

Stjórnarar fátækra málefna eiga umhyggjusamlega að sorga fyrir því, að skorti hins fátæka frásegist, á þann hátt, er mest samsvarar sérhvers þörfum og m innst er sveitinni til þyngsla. Þeir eiga, þegar hjálpar er beiðst af fátækra fjárhlutum, sem nákvæmlegast að rannsaka skort hlutaðeiganda og hans orsakir; áður en þeir álykta, hvort hann eigi slíks styrks að njóta, eiga þeir með mannljúflegri umhyggju fyrir hjálp í bjargarleysi, samkvæmt þessarar tilskipunar einnig að hafa tilhlýðilegt tillit til sveitarinnar þarfa, og þeirra fordjarfandlegu afleiðinga fyrir siðlindi og iðjusemi, er allt of auðveldum aðgangi til hjálpar af sveitarfjársjóð fylgja kunna. Sveitarstýrkur á þannig ekki að veitast þeim, sem með tilhlýðilegri brúkun krafta sinna getur sorgað fyrir nauðþurft sinni, eður sem getur bilast hana hjá þeim, sem eru skyldugir eður viljugir til að hjálpa honum.“

Hér kemur skýrt fram, að opinber aðstoð er fyrst og fremst neyðarúrræði, sem einungis er gripið til, þegar öll önnur ráð þrýtur. Enginn ótvíræður réttur þurfamannsins er til; allt þarf að vega og meta, og aðstoðin miðast við nauðpurftir. Á þetta er lögð enn frekari áhersla með orðunum: „*Sérilagi á tilsjón að hafast þar með, að hinn þurfandi sjálfur útvegi sér svo mikið, sem mögulegt er, til viðurværis með sjálfs síns vinnu, hvar til honum á öll möguleg hjálp að veitast.*“

Engin greining er á milli aldurskeiða fullorðinna í reglugerðinni, nema í eftirfarandi ákvæði: „*Örvasa, gamlir og máttlitlir þurfamenn eiga, með vissum skilmálum og á sem sparsamastan hátt, að setjast niður hjá réttssinnuðum húsbændum, sem, með þeim kjörum, að njóta hagnaðar af þeirri vinnu, sem ómagarnir orka af hendi að leysa, veiti þessum alla nauðpurft, mót sannsýnilegu endurgjaldi.*“

Ekki virðist hér um sérreglu fyrir gamalt fólk að ræða. Sérstakur kafli er um öflun fjár til sveitarstýrksins eða eins og hann heitir: Um fátækra-féhirslu inntektir og reikningsskap. Meðal „inntektanna“ eru taldir: „*Fátækra eftirlátnir fémunir, þó eigi frekar en til endurgjalds þess, sem þeir af fátækra féhirslu þegið höfðu.*“

Réttindi þurfamanna sem þjóðfélagsþegna voru ekki upp á marga fiska. Því bera vitni viðamikil ákvæði um framfærslusveit og sveitaflutninga, og einnig ákvæði í VII. kafla, sem nefnist: Um fátækra málefna pólitík. Ég set hér með að lokum eitt ákvæði úr þeim kafla:

„*Ef nokkur ölmusumaður sýnir óhlýðni, mótþróa, leti eður aðra ósiðlega breytni, og ekki, eftir aðvörun, vill leiðrétta sitt framferði, á hann að ávittast með tilhlýðilegri líkamlegri refsingu, eftir þeim fyrir Ísland gildandi ákvörðunum áhrærandi þess slags ströff.*“

Læt ég hér staðar numið við að rekja efni þessarar reglugerðar. Þau ákvæði hennar, sem ég hef vitnað í, giltu lengi, þótt svo gæti virst af orðunum „fyrst um sinn“, að hugsað hafi verið til breytinga fljótlega, þegar hún var gerð „vitanleg“.

Fyrsta athyglisverða breytingin er gerð með lögum um sveitarstyrk og fúlgu 4. Nóvember 1887.

Þar segir í 1. grein: „*Sá, sem hefur þegið sveitarstyrk, er skyldur að endurborga hann sveitinni sem aðra skuld.*“

Þetta er strangara ákvæði en reglan um „eftirlátna fjármuni“ frá 1834. Eftir nútíma málskilningi hefur alls ekki verið um styrk að ræða, heldur lán, sem hafði í för með sér ýmiskonar skerðingu á mannréttindum. Ekki er að undra þótt það hafi verið þung spor að leita á náðir sveitarinnar. Annars gilda tilvitnuð ákvæði reglugerðarinnar sem lög, þar til hún er í heild numin úr gildi með Fátækralögum frá 10. nóvember 1905, sem tóku við af henni 1. Janúar 1907.

Lög þessi breyttu litlu, sem máli skiptir. Orðalag er annað, en innihaldið það sama. Í 14. grein segir: „*Börn skulu, svo sem þau*

eru fær um, ala önn fyrir foreldrum sínum, og mega eigi foreldrar verða sveitarþurftar, meðan þau eiga þau börn á lífi, sem eru þess umkomin að annast þau.“

Skylduframfærslan er hér eftir einungis milli barna og foreldra. Nú er það sett í vald sýslumanna og bæjarfógeta að ákveða meðlag (einnig kallað fúlga) barna með foreldrum. Þá fyrst er hinir framfærslu-skyldu bregðast, kemur til kasta sveitarinnar að annast framfærslu „þurfamanns“ eða „ómaga“ með sveitarstyrk, þó alltaf gegn endurgjaldi frá þurfalangi eða þeim framfærsluskylda, sé einhver slíkur á lífi. Sá framfærsluskyldi missir mannréttindi svo sem „þurfalingurinn“ meðan sveitarstyrkurinn er óendurgreiddur. Allt miðast við, að sveitinni verði sem minnst byrði að þurfalingnum, og vald sveitarinnar er mikið. Í 1. grein segir m. a.: „Sveitarstyrkur skal vera svo mikill, sem nauðsyn krefur, að dómi sveitarstjórnar . . .“ og einnig „Sá, er sveitarstyrk þiggur, er háður valdi sveitarstjórnarinnar svo sem lög þessi mæla fyrir um.“

Langur kafli fjallar um þetta vald. Sem dæmi tek ég eftirfarandi:

- 1) *Auðvelt er samkvæmt lögum að svipta skuldugan þurfamann (eða framfærslumann hans) fjárráðum.*
- 2) *Vinnufær þurfamaður er skyldugur að fara í hverja þá vist, °9 vinna hverja þá vinnu, sem sveitarstjórnin ákveður, og honum er ekki um megn, meðan hann er ekki fær um án sveitarstyrks að framfleyta sér og þeim, er hann á fram að færa.*
- 3) *Nú sýnir þurfalingur mikla óhlýðni eða þrjúsku við sveitarstjórn, eða hann sökum leti, drykkjuskapar, illinda eða óknytta eykur sinni sýnileg þyngsli, má þá sveitarstjórn láta setja hann í fangelsi uppá venjulegt fangaviðurveri í allt að 3 mánuði, þó því aðeins að lögreglustjóri veiti samþykki sitt til þess í hvert sinn, eða setja hann í nauðungarvinnu, með samþykki lögreglustjóra.*

Hvergi í þessum viðamiklu lögum koma orðin gamall, aldraður eða hrumur fyrir. Ekki fæ ég séð af lögum þessum að mannúðin hafi aukist við tilkomu heimastjórnar.

Athugaði því næst Fátækralög nr. 43 frá 31. Maí 1927. Þar eru enn öll þau ákvæði, er hér hefur verið frá greint, utan hvað einni tilslökun er stungið inn í lögin. 143. grein segir m. a.: „*Skylt er sveitarstjórn, er hún veitir styrk úr sveitarstjóði, að kveða svo á innan 3 mánaða, að styrkurinn skuli ekki afturkræfur af styrkþega, ef hún telur það sanngjarnt vegna elli þiggjanda, ómegðar hans, veikinda hans eða þeirra, sem hann hefur á skylduframfæri, eða vegna annarra óhappa hans.*“

Þetta er fyrsta skrefið í þá átt að veita sveitarstyrkþega mannréttindi til jafns við aðra þjóðfélagsþegna. Árið 1933 fá sveitarstyrkþegar kosningarétt.

Samfara vaxandi velmegun frá og með stríðsárunum seinni breytist aðstaða þeirra, sem hjálpar eru þurfi, mjög ört. Lögin

skipta um nafn og heita nú Framfærslulög og eru gildandi lög frá 1947. Ennþá er eðlilega lögð áhersla á, að allir, sem til þess hafa getu og aðstöðu, sjái sjálfum sér og sínum farborða. Framfærsluskylda milli foreldra og barna er óbreytt, en framfærslubyrðin hefur nú fluttu að miklu yfir á ríkið með almannatryggingakerfinu, enda segir nú um framfærsluskyldu barna: „Börn skulu ala önn fyrir foreldrum sínum, ef þau eru til þess fær, að svo miklu leyti, sem lífeyrir samkvæmt lögum um almannatryggingar og aðrar tekjur hrökkva ekki til.“

Hlutverk sveitarfélaganna í framfærslumálum hefur samtímis dregist saman, og þau geta nú einbeitt sér að nýjum verkefnum og hjálp, sem ekki er beinlínis í formi peningastyrkja. Einu leifarnar af hinu mikla valdi sveitar- og bæjarfélaga er að finna

í 108. gr. almennra hegningarlaga frá 1940, en hún hljóðar svo: „Nú verður vinnufær maður sveit sinni til þyngsla sökum óreglu eða slæpingskapar, eða hann vanrækir af sömu ástæðum framfærsluskyldu sína gagnvart öðrum, sem við það verða bjargbrota, eða hann fyrir þessar sakir greiðir ekki úrskurðað meðlag með maka sínum, barni eða foreldri, og skal hann þá sæta fangelsi allt að 6 mánuðum, ef hann vill ekki sinna tilhlýðilegri vinnu, sem fátækraþjón eða lögreglustjóri vísar honum á. Ef brot er ítrekað, má refsast með fangelsisvist allt að 1 ári.“

Ég mun þá snúa mér að því að athuga þróun ellitrygginga hér á landi, en þær eru nú grundvöllur þess, að hlutverk framfærslulaganna er orðið mjög takmarkað.

Um ellistyrk og tryggingar

Þann 11. júlí 1890 eru sett lög um styrktarsjóð handa alþýðufólki. Þar segir: „Í hverjum kaupstað og hreppi á landinu skal stofna styrktarsjóð handa heilsubilúðu og ellihrumu alþýðufólki.“

Í þennan sjóð skyldi hver karl og kona fullra 20 ára og ekki yfir 60 ára, sem eru hjú svo og þeir, sem vinna fyrir sér í lausamennsku, greiða á ári hverju; karl 1 krónu og kvenmaður 30 auru. Sjóður þessi skyldi standa óhreyfður á vöxtum í 10 ár, en síðan skyldu „bæjarstjórnir og hreppsnefndir úthluta“ hálfum vöxtum og hálfu árgjaldinu „heilsulitlum eða ellihrumum fátæklingum, sem eigi þiggja sveitarstyrk“, enda séu þeir eða hafi einhvern tíma verið í þeim stéttum, sem gjaldskyldir eru til styrktarsjóðsins. Reglur um úthlutun úr sjóðnum eru frá 16. nóvember 1900. Sækja þurfti um styrk úr sjóðnum árlega — í fyrsta sinn fyrir 10. okt. 1901 — og mátti styrkur til hvers einstaks ekki vera minni en 5 krónur. Þetta er tilraun til að mynda sjóð með iðgjaldgreiðslum fyrir ákveðna stétt manna.

Fénu er úthlutað eftir mati, og er því ekki um ótvíræð réttindi að ræða, en sennilega hefur þessi styrkur losað nokkra undan því fargi að verða sveitarlimir, þar sem þetta er raunverulegur styrkur án skerðingar á mannréttindum. Árið 1909 koma svo lög um almennan ellistyrk. Samkvæmt þeim var ákveðið, að í hverjum hreppi og kaupstað skyldi stofna sjóð til styrktar ellihrumu alþýðufólki.

Styrktarsjóðir handa alþýðufólki runnu í þá. Nú urðu miklu fleiri gjaldskyldir, og gjaldið hækkað í 1,50 kr. fyrir karla og 75 auru fyrir konur. Einnig skyldi Landssjóður leggja til sjóðsins 50 auru fyrir hvern gjaldskyldan mann. Húsbændur eiga að greiða gjaldið fyrir hjú sín og annað þjónustufólk. Við úthlutun styrksins „Skal einkum hafa fyrir augum, hve brýn þörf umsækjanda er, og hvort hann er reglusamur og vandaður.“

Styrkurinn m á ekki vera lægri en 20 krónur og ekki yfir 200 krónur. Að líkindum hefur þetta verið stórt framfaraskref. Næst verður veigamikil breyting með lögum um alþýðutryggingar frá 1937. Með þeim kom á almenn tryggingaskylda fyrir alla íslenska ríkisborgara frá og með 16 ára aldri til fullnaðs 67 ára aldurs. Stofnaður var sjóður, sem nefndist Lífeyrissjóður Íslands. Samkvæmt reglum laganna var tryggður réttur allra, sem eldri voru en 67 ára, til árlegs lífeyris. Fullur árlegur ellilífeyrir skyldi þó ekki greiðast nema aðrar tekjur þess, sem í hlut átti, færu ekki fram úr af árlegri lífeyrisgreiðslu. Ef tekjurnar voru meiri, skyldi draga frá lífeyrinum 60% af því, sem árstekjurnar voru um fram að af fullum árslífeyri.

Þessi ellilífeyrir var því hugsaður í formi tekjutryggingar til aldraðra. Mikilvægast er, að framvegis skyldi ekki beitt mati á þörf, heldur var ótvíræður réttur til lífeyris lögleiddur, og var þar með farið að nota eitt af grundvallareinkennum trygginga. Ákvæði þessara laga um ellilífeyri náði aldrei að koma til framkvæmda, þar sem áður en til þess kæmi voru sett lög um almannatryggingar 7. maí 1946, og tóku þau gildi 1. janúar 1947. Með þessum lögum var grundvelli ellitrygginga gjörbreytt. Horfið var frá að safna í sjóð, er síðan skyldi standa allan straum af framfærslu aldraðra. Þar hefur sennilega verið dreginn lærdómur af verðlagsbólgyreynslu styrkjaldaráranna. Auk þess hefur þörfin fyrir framfærsluástoð þegar í stað verið brýn. Því var ákveðið, að framlög og iðgjald hvers árs skyldu notuð til lífeyrisgreiðslna þess árs. Í lögnum var ákveðið, að allir ættu rétt á sama ellilífeyri frá 67 ára aldri. Þetta ákvæði skyldi þó ekki taka gildi til fulls fyrr en eftir 5 ár. Þangað til skyldi lífeyririnn skertur, ef aðrar tekjur hlutaðeigandi voru hærri en fullur ellilífeyrir. Skerðingarákvæði var síðan sífellt framlengt allt til ársloka 1960.

Síðan eiga allir íslenskir ríkisborgarar 67 ára og eldri rétt á óskertum ellilífeyri frá almannatryggingum, algjörlega án



tillits til annarra tekna, með þeirri undantekningu, sem getið er síðar varðandi viðurkennda lífeyrissjóði, sem þó aðeins gildi í þrjú ár.

Markmiðið var alltaf, að ellilífeyririnn nægði almennt sem framfærslueyrir, en erfiðlega gekk að ná því marki, og það hefur ekki náðst enn, enda vafasamt, að það samrýmist nú því ástandi, sem skapast hefur, eftir að mikill hluti þegna þjóðfélagsins er orðinn aðili að lífeyrissjóðum.

Síðasta veigamikla breytingin á lögum um almannatryggingar var gerð árið 1971. Þá var samhliða hækkun ellilífeyrisins tekin upp regla um tryggingu lágmarkstekna fyrir ellilífeyrisþega. Þær eru samkvæmt henni um 55% hærrí en hinn fastákveðni ellilífeyrir, sem allir eiga rétt á frá 67 ára aldri. Með gildistöku almannatrygginganna urðu þáttaskil í sögu íslensku þjóðarinnar. Fyrir aldraða verður í raun stökkbreyting. Áður var einungis fjárhagslegt öryggi fyrir hendi hjá eignamönnum og þeim, sem voru vel ernir og höfðu aðgang að launuðum störfum. Allir aðrir voru háðir efnahagslegri getu barna sinna eða náð og miskunn sveitar- og bæjarfélaga. Athugum því næst, hvernig til hefur tekist með framkvæmd þeirra hugsjóna-, mannúðar- og réttlætissjónarmiða, sem í lögnum felast.

Síðustu áratugir; Lífeyrissjóðir

Ekki er unnt að fjölyrða hér um lífeyrissjóðina. Ég mun einungis drepa á örfá atriði.

Áhrif verðbólgu og kauphækkana.

Fyrst mun ég gera grein fyrir mismuninum á kauptryggðum lífeyrissjóði og ókauptryggðum.

Sem dæmi um kauptryggðan sjóð tek ég Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, en hann er fyrirmynd allra annarra kauptryggðra sjóða hér á landi. Hinsvegar er hægt að nota hvaða sjóð sem vera skal af ókauptryggðum sjóðum að undanskildum svonefndum séreignasjóðum, en þeir eru eingöngu tæki til að losna undan skattgreiðslum. Samhjálparráðgjafingarn, sem er hornsteinn lífeyrissjóðanna, fyrirfinnst ekki í þeim sjóðum. Lífeyrissjóður opinberra starfsmanna greiddi allt til 1. janúar 1964 ókauptryggðan ellilífeyri. En með lögum um hann frá árinu 1963 kom ákvæði inn, sem hljóðar svo:

„Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja starfi því, sem sjóðfélaginn gegndi síðast.“

Áður var ellilífeyririnn hundraðshluti af meðallaunum síðustu 10 starfsára sjóðfélagsins og ókauptryggður. Nú notar fjöldi ókauptryggðra sjóða meðaltal síðustu 5 ára. En til eru sjóðir, sem miða við laun síðasta ársins fyrir lífeyristöku.

Á einfaldan hátt má sýna hvaða kjarabót ríkisstarfsmenn og fleiri fengu í kjölfar þessarar lagabreytingar 1963. Ég hef reiknað út lífeyrisupphæð einstaklings, sem hóf töku lífeyris 1. janúar 1964 frá kauptryggðum sjóði. Til samanburðar nota ég eldri reglur þessa sjóðs, þó þannig að ég legg ekki meðallaun síðustu 10 ára til grundvallar, heldur meðallaun síðustu 5 ára (1959-1963), og einnig launin eins og þau voru um áramótin 1963/64. Notaðar eru breytingar raunverulegs launataxta. Gert er ráð fyrir, að ellilífeyririnn sé 60% af viðmiðunarlauninum.

Árslaun þeirra launþega, sem ég nota sem dæmi, voru: Auk þess að sýna kjarabót þá, sem ríkisstarfsmenn og fleiri fengu með kaupbindingu lífeyris, er það jafnframt raunhæfur samanburður á kauptryggðum og ókauptryggðum sjóðum. Mismuninn greiðir ríkissjóður, borg, bæjarfélag eða ríkisbanki — þ. e. Allir þegar



Þjóðfélagsins en réttindanna nýtur takmarkaður hópur, þótt allfjöldmennur sé. Þrátt fyrir þetta er hámarks iðgjaldatími í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins 30 ár, og unnt er að ná allt að 85% réttinda.

Hjá ókauptryggðu sjóðunum er iðgjaldagreiðslutími venjulega öll starfsævin, og fjarri fer að unnt sé að ná jafnháum réttindum í hundraðshlutum af launum. Auk þess eru þeir sjóðir allir svo ungir að langt er þar til umtalsvert gagn verður að þeim sem ellilífeyrissjóðum.

Þetta var þó ekki það eina sem bætti hag ellilífeyrisþega í viðurkenndum lífeyrissjóðum.

Um áramótin 1963-1964. Fyrir þann tíma skyldu þeir ekki njóta hvors tveggja í senn ellilífeyris frá almannatryggingum og lífeyrissjóðum, nema lífeyrissjóðs ellilífeyririnn væri lægri en sá frá almannatryggingum, enda hefði þeim verið litill akkur í því meðan tekjuskurðingarákvæði ellilífeyris Almennatrygginga var í gildi (tíli ársloka 1960). Samtímis greiddu sjóðfélagar skert iðgjald til almannatrygginga. Frá 1. jan. 1964 þurftu þeir að greiða eins og aðrir til almannatrygginga. Í lífeyrissjóðslögum var sett ákvæði, sem segir, að iðgjald til sjóðsins og iðgjald til almannatrygginga fyrir kvæntan karlmann sé samanlagt sem næst 6% af launum í öllum launaflokkum. Þetta ákvæði er enn í lögum.

Frá og með 1. janúar 1972 var iðgjald til almannatrygginga **felt niður**, en ekki hefur verið hirt um að krefja sjóðfélaga um nema 4,25% í iðgjald, þrátt fyrir það. Ég er því fylgjandi að allir lífeyrissjóðir greiði verðtrygðan lífeyri og tel það

framkvæmanlegt. Hinsvegar verður að koma í veg fyrir slíkt misrétti og ófgar, sem voru afleiðingar breytinganna á lögum um almannatryggingar og lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins árið 1963. Ég hef ekki **skap** í mér til að gera hér grein fyrir ákvæðum laga frá 1965 um eftirlaun alþingismanna og ráðherra.

Í bók eftir enska lögfræðinginn A. V. Dicey, sem gefin var út 1905, segir: „Því má hiklaust halda fram, að menn semji ekki lög í samræmi við skoðanir sínar á því, hvað séu góð lög, heldur í samræmi við hagsmuni sína, og því má bæta við, að þetta á tvímælalaust við um stéttir, þegar þær eru greindar frá einstaklingum, og þess vegna á það við um land eins og England, þar sem stéttir hafa miklu öflugri stjórn á lagasetningu heldur en nokkur einstaklingur getur haft. Eitt er víst, að við löggjöf er leiðarljós manna raunverulegir eða ímyndaðir hagsmunir þeirra. Þetta er svo augljóst, að við rannsókn á lögum þjóðar er oft hægt að gera sér grein fyrir, og það án mikils vafa, í höndum hvaða stéttar úrslitavaldið er eða hefur verið á tilteknu skeiði.“

Rannsókn á íslenskri lagasetningu á þessari öld með tilliti til þessa er forvitnilegt verkefni. Vonandi er sú tilhneiging, sem kemur fram í dæmi mínu um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, fremur reist á vanþekkingu og skammsýni en snjallri beitingu valds eigin hagsmunum til framdráttar.

En er það annars nokkuð betra?

Skattareglur og lífeyrissjóðir

Einungis lítið dæmi til að gefa hugmynd um samhengið milli skattareglna og ákvæða lífeyrissjóða um ellilífeyri. Hugsum okkur tvær íslenskar fjölskyldur með tvö ung börn. Til einföldunar geri ég ráð fyrir, að einungis heimilisfaðirinn sé í lífeyrissjóði og stundi störf, sem hagfræðingar viðurkenna við útreikning þjóðartekna.

- 1. Iðgjaldsákvæði og skattskyldar tekjur** annars heimilisföðurins árið 1973 voru 450 þús. kr. Iðgjaldið, sem greitt er vegna hans, er kr. 45 þús. kr. Samanlagður tekjuskattur hans og útsvar verður í ár samkvæmt nýja skattalagafrumvarpinu 4500 kr. lægri en ella vegna skattfrelsis lífeyrissjóðsiðgjalda.
- 2. Samsvarandi tekjur** hins heimilisföðurins eru 900 þús. kr. og skattfrjálst iðgjald því 90 þús. kr. Skattalækkunin hjá honum nemur 45 þús. kr. Niðurstaðan er, að lækkun tekna þeirra, sem þessar tvær fjölskyldur hafa til umræða, er svo til hin sama, en sá hærra launaði aflar sér tvöfalt hærri lífeyrisréttinda þetta árið en hinn. Gegn þessu misrétti vegur, að ellilífeyririnn er skattskyldur, en einföld athugun á skattalögumunum færir okkur fljótt heim sanninn um, að sú leiðrétting er takmörkuð, og spá

um framtíðarskattareglur er ráðlegast að gera með varúð, eins og dæmin sanna.

Hvert stefnir?

Ég fæ ekki betur séð en að ríkjandi stefna síðustu áratuga og þá einkum breytingin 1963 leiði til þess, að áður en langt um líður megi skipta ellilífeyrisþegum í tvo hópa: þá sem komast rétt þolanlega af og svo hina, sem verða alger forréttindastétt hátekjuaðall meðal ellilífeyrisþega.

Sú regla virðist óhagganleg, að aldrei megi veita þeim, sem misrétti eru beittir, leiðréttingu, án þess að forréttindahlutinn fái jafnframt aukinn sinn skerf og oft í ríkara mæli. Það má aldrei leiðrétta fyrir afglöp og misrétti með því að skerða ríkjandi réttindi, hversu ranglát sem þau eru. Þessa reglu, jafn afdráttarlaus og hún virðist vera, tel ég vera meginhindrun í vegi þess að koma á réttlátara ellilífeyriskerfi. Mig grunar, að Guðjón Hansen tryggingastærðfræðingur hafi m. a. haft þetta í huga, þegar hann fylgdi **1. tbl. Félagsmála úr hlaði 1965**, þar sem hann segir m. a.:

„Tryggingar og önnur félagsmál .virðast í æ ríkara mæli einkenna samninga um kjaramál. Er mikil nauðsyn, að umræður eigi sér stað um markmið og leiðir í þessum málum, m. a. til þess að komist verði hjá samningsákvæðum, sem við nánari athugun reynast óheppileg, en sem erfitt er að fá breytt í betra horf síðar. Er því æskilegt, að tímaritið veiti aðeins haldgóðar upplýsingar um liðinn tíma og núverandi skipan mála, heldur verði framtíðinni einnig gefinn gaumur.“

Guðjón talar einungis um kjarasamninga og samningsákvæði. Ég tel margfalt mikilvægara að líta til lagaákvæða. Á þeim virðist erfiðast að ná fram lagfæringum. Lagaákvæði geta virst réttlát og saklaus, þegar þau eru sett, en ef lítið er til lengri tíma, eins og Guðjón hefur augljóslega gert, felst í þeim meinsemd, sem smám saman verður öllum ljós, en enginn virðist hafa vilja, þor eða getu til að skera í burt.

Nokkur lokaorð

Ég verð nú að láta staðar numið að sinni. Hlutverk mitt í þessu samstarfi um að taka til athugunar málefni aldraðra var að ræða fjárhagslegu hliðina.

Eins og fyrir segir, eru ekki fyrir hendi ýmsar nauðsynlegar upplýsingar í aðgengilegu formi. Ég hef þó rökstudda ástæðu til að ætla, að úr því verði bætt. Það þarf ekki kostnaðarfreka rannsókn til að komast að raun um, hvernig tekjuskipting aldraðra er eftir aldursárum og tegund tekna, og jafnframt hve margir búa í eigin húsnæði. Án niðurstöðu slíkrar athugunar læt ég ekkert fá mér fara um heildarástand. Aðrir fjalla um heilbrigðismálin.

Ég læt því nægja að geta þess, að sú stökkbreyting, sem orðið

hefur í heilbrigðismálum þjóðarinnar, er ekki síst fjárhagslega mikilvæg fyrir gamalt fólk. Ég verð því miður einnig að sleppa því að ræða skattamál ellilífeyrisþega. Á því er enginn vafi, að miðaldra fólk hefur á liðnum árum haft sterklega í huga, hvernig það gæti best tryggt sér fjárhagslegt sjálfstæði í ellinni. Árangurinn hefur að sjálfsögðu orðið misjafn, og margur hefur orðið að horfa á sparifé sitt brenna upp í verðbólguþáli. Þó er það svo, að ótrúlega lítill hluti lífeyrisþega þarfnast tekjutryggingar og ennþá færri þeirrar viðbótaraðstoðar, sem heimil er umfram hana (enn liggja ekki fyrir traustar tölur um fjölda). Slíkt er sannarlega ánægjulegt. Ég lét að því liggja í upphafi, að ekki væri rétt að greina fjárhagsleg vandamál ellíarána um of frá vandamálum á öðrum aldurskeiðum fullorðinna.

Ég tel, að ellilífeyrismörkin skapi engin skýr skil. Ég vil ítreka þetta og auk þess benda á, hversu samtengd fjárhagsvandamál á ellíárum og öðrum aldurskeiðum eru. Sem dæmi má nefna, að sá, sem nýtur þess að vera í kauptryggðum lífeyrissjóði, losnar við allar fjárhagsáhyggjur vegna ellíarána, og getur notað ráðstöfunartekjur sínar á líðandi stund. Fyrir flesta aðra geta ótryggar horfur verið ljýjandi baggi. Sem betur fer verður misrétti það, sem ég hef greint frá, augljósara með ári hverju, og að því kemur, að ekki verður hjá komist að ráða bót á því. Hugmyndir mínar um leiðir til úrbóta ræði ég ekki á þessum vettvangi. En ég vil leggja áherslu á, að þörf er endurskoðunar á öllu almannatrygginga og lífeyrissjóðakerfi þjóðarinnar með samræmingu, einföldun og útvíkkun fyrir augum, þannig að allir þegnar þjóðfélagsins falli inn í lífeyrissjóðakerfið.

Við þá endurskoðun verður að gera sér ljósa grein fyrir öllum hugsanlegum breytingum á verðlagi, skattakerfi og ganga svo frá hnútunum, að allt fari ekki úr böndunum. Að lokum tilfæri ég nokkur svartsýnisorð þjóðfélagsfræðingsins,

Karls Renners:

„Grundvallareðli þjóðfélagsins er að breytast. Stefna þessara breytinga er skýrt ákveðin og árangurinn ótvíræður, en hann hefur ekki verið rannsakaður fræðilega og er ekki kominn á almannavitorð. Mannlegt samfélag dregst áfram, knúði af óljósum hvötum, án þess að gera sér grein fyrir raunverulegum þörfum sínum nema að óverulegu leyti.“

Það er rétt, að þjóðfélag okkar er í mótun. Við skulum reyna að átta okkur á, um hvaða leiðir er að velja, hafa sjálf stjórn á breytingunum, veita þeim í þann farveg, sem leiðir til frjórna og fegurra mannlífs. Ég hef þá trú, að við Íslendingar getum og höfum einstaka aðstöðu til að læra að þekkja, skilja og meta samfélag okkar. Við getum með því haft áhrif á örlög okkar sem þjóðar og afsannað bölsýnis skoðun Renners.

Þórir Bergsson, tryggingarstærðfræðingur 1974.



Uppbygging íslenska lífeyriskerfisins

Heimild: Már Guðmundsson Seðlabanka 2000.

- 1. Almennatryggingar.** Opinbert tryggingakerfi sem fjármagnað er með sköttum. Tryggingastofnun ríkisins sér um framkvæmd almennatrygginga en til almennatrygginga teljast lífeyristryggingar, sjúkratryggingar og slysatryggingar. Stofnunin starfar í samræmi við lög um almennatryggingar og lög um félagslega aðstoð.
- 2. Lífeyrissjóðir.** Kerfi er byggir á skylduáðild að lífeyrissjóðum með fullri sjóðsöfnun. Lífeyrissjóðir starfa á grundvelli laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 (lífeyrislögin í daglegu tali) og í sumum tilvikum á grundvelli sérlaga.
- 3. Frjáls einstaklingsbundinn lífeyrissparnaður.** Í daglegu tali nefndur séreignarsparnaður eða viðbótarlífeyrissparnaður. Byggir á ákvæðum laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Getur verið í vörslu lífeyrissjóða, banka, sparisjóða, verðbréfafyrirtækja eða líffyrirgangafélaga.

ÞRIGGJA STÖÐA LÍFHEYRISKERFI

Alþjóðabankinn hefur lagt til að lífeyriskerfi einstakra landa byggist á þremur stöðum. Þær eru eftirfarandi:

Opinbert kerfi með skylduáðild, sem greiði flatan grunnlífeyri eða tekjutengdan lágmarkslífeyri og er fjármagnaður með sköttum. Meginmarkmið þessa kerfis skal vera tekjujöfnun og samtrygging.

Skyldukerfi undir opinberu eftirliti, sem rekið sé utan opinbera geirans og byggir á fullri sjóðsöfnun í einstaklingsbundnu eða atvinnutengdu sparnaðarkerfi. Meginmarkmið þessa kerfis er sparnaður til að standa undir ellilífeyri og samtrygging.

Frjáls einstaklingsbundinn eða vinnutengdur sparnaður. Meginmarkmið hans eru sparnaður til elliáranna og einstaklingsbundin elli- og/eða örorkutrygging Rökin fyrir þessum tillögum eru byggð á því „að ellilífeyriskerfi eigi að vera bæði örvandi fyrir hagvöxt og vera félagslegt öryggisnet. Þau eiga að hjálpa hinum gömlu með því að: Auðvelda fólki að færa tekjur frá sínum virku árum til efri árána í gegnum sparnað eða annað fyrirkomulag. Færa viðbótartekjur til hinna fátækari án þess að valda öfugsnúinni tekju- tilfærslu innan kynslóða og ótilætlaðri tekjutilfærslu milli kynslóða.

Veita tryggingar gegn margskonar áhættu sem einkum hinir eldri standa frammi fyrir. Þau eiga að hjálpa hagkerfinu í heild með því að: Lágmarka dulinn kostnað sem dregur úr hagvexti, eins og minni atvinna, minni sparnaður, óhófleg skattbyrði, rangar fjárfestingar, hár rekstrarkostnaður og undanskot.

Vera sjálfbær og grundvallast á langtímaáætlunum sem taka tillit til væntanlegra breytinga á hagrænum og lýðfræðilegum aðstæðum, sem sumar hverjar kunna að stafa beinlínis af lífeyriskerfinu sjálfu.

Varðandi tilfærslur innan kynslóðar er hér er m.a. átt við það að komið sé í veg fyrir að kerfin færi frá hinum tekjuminni til hinna tekjumeiri eins og á sér stað í sumum opinberum gegnumstreymiskerfum, þrátt fyrir að reynt sé að hanna kerfin þannig að tekjutilfærslan verði í hina áttina. Þetta stafar m.a. af því að hinir tekjumeiri koma seinna inn á vinnumarkaðinn en lifa lengur og fá því oft meira út úr kerfunum en hinir tekjuminni. Varðandi tilfærslur milli kynslóða er m.a. átt við að fyrstu kynslóðirnar fái oftast mun meira úr kerfunum en þær sem síðar koma.



4. Skattlagning lífeyris

5. **Almennt.** Við skattlagningu lífeyrisiðgjalda, eigna lífeyrissjóða og lífeyrisgreiðslna hér á landi er byggt á svokallaðri EET-skattlagningaraðferð (þ.e. exempt, exempt, tax). Þannig eru lífeyrisiðgjöld undanþegin skattlagningu, eignir lífeyrissjóða undanþegnar fjármagnstekjuskatti en lífeyrisgreiðslur aftur á móti skattlagðar eins og hverjar aðrar launatekjur.

6. **Lífeyrisiðgjöld.** Samkvæmt 4. og 5. tölulið. 30. gr. A laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, eru iðgjöld launþega og sjálfstætt starfandi manna samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða frádráttarbær frá tekjum. Hámark frádráttarins er 4% af iðgjaldsstofni. Að auki er heimilt að greiða allt að 4% til viðbótar enda sé iðgjaldinu varið til öflunar lífeyrisréttinda í séreign.

7. **Samkvæmt 5. tölul. 28. gr.** tekjuskattlaganna er launagreiðanda heimilt að greiða til lífeyrissjóðs iðgjald til öflunar lífeyrisréttinda fyrir starfsmann sinn án þess að greiðslan til sjóðsins sé skattlögð í hendi launamanns. Greiðslan má þó ekki leiða til þess að lífeyrisgreiðslur miðað við 65 ára aldur verði hærrí en sem nemur meðaltekjum viðkomandi starfsmanns s.l. fimm ár.

8. **Lífeyrisgreiðslur.** Lífeyrisgreiðslur eru skattlagðar eins og aðrar launatekjur.

9. **Persónuafsláttur.** Vilji sjóðfélagi nýta persónuafslátt sinn þarf að skila inn skattkorti til viðkomandi lífeyrissjóðs. Heimilt er að nýta ónýttan persónuafslátt maka að fullu. Eftir andlát annars hjóna eða annars sambúðaraðila (þegar um er að ræða sambúðarfólk sem uppfyllt hefur skilyrði fyrir samsköttun), er eftirlifandi maka heimilt að nýta persónuafslátt hins látna í níu mánuði, talið frá og með andlátsmánuði. Falli maki frá í maí eða síðar á árinu,

færast réttur til nýtingar á hluta persónuafsláttar hans yfir áramót. Reglur um millifærslu persónuafsláttar á þessu níu mánaða tímabili eru þær sömu og gilda um millifærslu persónuafsláttar hjá hjónum.

10. Skattlagning lífeyrissparnaðar

(viðbótarlífeyrissparnaðar). Lífeyrisiðgjöld eru frádráttarbær frá skatti ef þau mynda lífeyrisréttindi samkvæmt lífeyrslögum. Samkvæmt 3. mgr. 8. gr. hafa viðskiptabankar, sparissjóðir, líftryggingafélög, verðbréfafyrirtæki og lífeyrissjóðir heimild til að stunda starfsemi skv. II. kafla laganna og taka við iðgjaldi með samningi um viðbótartryggingavernd. Framangreindir aðilar skulu skv. 10 gr. laganna fyrirfram leita eftir staðfestingu fjármálaráðherra á því að reglur sem um tryggingarverndina gilda séu í samræmi við ákvæði laganna.

11. Samkvæmt 4. mgr. 8. gr.

er erlendum viðskiptabönkum, sparissjóðum og verðbréfafyrirtækjum, sem hafa staðfestu og starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, heimilt að stunda starfsemi skv. II. kafla laganna, með stofnun útibús hér á landi, sbr. 31. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, eða án stofnunar útibús, sbr. 32. gr. sömu laga. Ákvæði 31., 32., 34. og 35. gr. þeirra laga gilda um heimildir viðskiptabanka, sparissjóða og verðbréfafyrirtækja til að stunda starfsemi skv. II. kafla þessara laga eftir því sem við á. Þetta þýðir t.d. að viðskiptabanki í Belgíu getur boðið upp á samning um viðbótarlífeyrissparnað hér á landi skv. II. kafla laganna hafi hann samsvarandi heimildir samkvæmt starfsleyfi sínu frá belgískum stjórnvöldum. Gengið er út frá þeirri meginreglu að eftirlit með starfsemi fjármálafyrirtækja í sérhverju aðildarríkanna skuli vera í höndum eftirlitsaðila í heimaríki fyrirtækis. Þetta þýðir að starfsemi eða þjónusta belgísku viðskiptabanka hér á landi á grundvelli II. kafla laganna yrði undir eftirliti þarlandra yfirvalda en í samvinnu við Fjármálaeftirlitið.

Þróun löggjafar um eign okkar í lífeyrissjóðum

Heimild Þórey S. Þórðardóttir hrl., framkvæmdastjóri LL

Vinafundur til heiðurs Hrafni Magnússyni - 14. október 2011

Lífeyrisréttindi ríkisstarfsmanna

- Eftirlaun embættismanna, með tilskipun frá 31. maí 1855 voru lögleidd á Íslandi lög um eftirlaun frá 5. janúar 1851.
- Lög um eftirlaun nr. 4/1904. Eftirlaun fyrir þá sem hafa konungsveitingu fyrir embætti.
- Lög nr. 4/1880 um eftirlaun presta. Lög nr. 13/1884 um eftirlaun prestekkna. Lög nr. 48/1907 um ellistyrk presta og eftirlaun, lög nr. 49/1907 um skyldu presta til að kaupa ekkjum sínum lífeyri.
- Lög nr. 72/1919 og lög nr. 73/1919 um lífeyrissjóð embættismanna og um ekknatryggingu embættismanna.
- Lög nr. 51/1921 um lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra.
- Lög nr. 33/1921 um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra. – síðar sameinaður LSR með lögum nr. 93/1980.
- Lög nr. 15/1928 um lífeyri fastra starfsmanna Búnaðarfélags Íslands.
- Lög nr. 86/1938 um lífeyrissjóð ljósmæðra.

Löggjöf – I. stoð

- Lög nr. 29/1890 um styrktarsjóði fyrir alþýðufólk.
- Lög nr. 17/1909 um almennan ellistyrk.
- Lög nr. 26/1936 um alþýðutryggingar.
- Lífeyrissjóður Íslands.
- Lög um almannatryggingar nr. 50/1946.
- Lög um almannatryggingar nr. 100/2007 og lög um félagslega aðstoð nr. 99/2007.

Þróun löggjafar um lífeyrissjóði

- 1969 samkomulag aðila vinnumarkaðarins um stofnun atvinnutengdra lífeyrissjóða með skylduáðild og sjóðsöfnun.
- Lög um eftirlaun aldra félaga í stéttarfélögum nr. 63/1971. (lög nr. 97/1979).
- Lög um starfskjör launþega nr. 9/1974.
- Lög um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda nr. 55/1980.
- Lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997.

14. Alþingismenn og ráðherrar

- Lög nr. 84/1953 um þingfararkaup alþingismanna – ákvæði um eftirlaun.
- Lög um eftirlaun alþingismanna nr. 46/1965.
- Lög nr. 92/1955 um laun starfsmanna ríkisins. – 30. gr. ákvæði um eftirlaun ráðherra.
- Lög nr. 47/1965 um eftirlaun ráðherra.
- Lög nr. 26/1969 um eftirlaun forseta Íslands. – Lög nr. 10/1990 um laun forseta Íslands
- Lög um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara nr. 141/2003.
- Afnumin með lögum nr. 12/2009. Greiða í A-deild LSR.

Eftirlit

- Lög um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða nr. 27/1991 – Bankaeftilit Seðlabanka Íslands
- Lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997
- Fjármálaeftirlitið.
- Lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 87/1998. 14. október 14.

Íslensku lífeyrissjóðirnir

- Frá árinu 1994 hafa íslensku lífeyrissjóðirnir verið skilgreindir undir reglugerð ráðsins nr. 1408/71/EBE.
- Á bæði við um opinberu og almennu sjóðina.

EES - samningurinn

- Lífeyrissjóðirnir hluti almannatrygginga skv. reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja.
- Dómar Hæstaréttar frá 14. mars 2007 í máli nr. 117/2007 og mál frá 26. nóvember 2009 í máli nr. 95/2009.

14. október

Lög nr. 78/2007 um starfstengda eftirlaunasjóði

- Til innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/41/EB, um starfsemi og eftirlit með lögaðilum sem

- sjá um starfstengd eftirlaun. Nær ekki til lífeyrissjóða sem falla undir reglugerðir nr. 1408/71/EBE og 574/72/EBE, um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum o.fl. Lög nr. 78/2007 um starfstengda eftirlaunasjóði
- Nær til iðgjalda sem eru starfstengd og valkvæð
 - Fyrir utan falla:
 - Skyldubundin framlög til lífeyrissparnaðar
 - Einstaklingsbundinn viðbótarlífeyrissparnaður
 - Taki lífeyrissjóður við valkvæðum og starfstengdum iðgjöldum kunna þau að falla undir ákvæði tilskipunarinnar 14. október Lög nr. 78/2007 um starfstengda eftirlaunasjóði
 - Fjárfestingaheimildir rýmri en gilda um almenna lífeyrissjóði (36. gr. laga nr. 129/1997)
 - Almenn varfærismörk
 - Rík upplýsingaskylda til sjóðfélaga
 - Iðgjaldagreiðslur frá öðrum ríkjum

Viðbótarlífeyrissparnaður

- Tilskipun nr. 98/49/EB, um verndun viðbótar lífeyrisréttinda launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga sem flytjast á milli aðildarríkja.
- Innleidd með lögum nr. 70/2004 sem eru breytingalög við lög nr. nr. 129/1997.

14.

Þriggja stöða lífeyriskerfi Tryggingastofnun

I. stöð

Lífeyrissjóðir (12%)

II. stöð

Starfstengdir eftirlaunasjóðir

III. stöð Frjáls viðbótarparnaður

Réttindi - Eign

- Almannatryggingar
- Grunnréttindi
- Skylda – valfrjálst
- Samtrygging – séreign
- Sjóðsófnun – gegnumstreymi
- Einkaréttur – opinber réttur

Réttindi - Eign

1. mgr. 76. gr. stjórnarskrár.

„Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika.“

1. mgr. 72. gr. stjórnarskrár.

„Eignarétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.“

Skoðanir fræðimanna

- **Ólafur Jóhannesson:** Sennilega væri löggjafanum heimilt að skerða eftirlauna- og lífeyrisrétt þótt gild rök mæltu gegn því. Greiðslur sem starfsmaður innir sjálfur af hendi eigi þó að njóta verndar.
- **Gaukur Jörundsson:** Endurgjald fyrir vinnu og fyrir bein fjárframlög réttahafanna og njóti verndar. Ekki takmarkað við að rétturinn sé orðinn virkur né fjárframlag starfsmanns.
- **Bernhard Gomard:** Gerir mikinn mun á virkum eftirlaunarétti og eftirlaunavon. Jafnframt mikill munur á réttarvernd lífeyrisréttinda ríkisstarfsmanna og annarra. Eftirlaunavon og réttur ríkisstarfsmanna njóti ekki verndar.
- **Poul Andersen:** Réttur ríkisstarfsmanna eigi að njóta sömu verndar og annarra.
- **Henrik Zahle:** Mat hverju sinni en leggur mikið upp úr framlagi rétthafans.

Lífeyrisréttindi eru stjórnarskrárvarin eignaréttindi

Hugtakið eignaréttur skv. 72. gr. stjórnarskrár víðtækt – ekki aðeins hlutbundin réttindi

- Umboðsmaður Alþingis
- Hæstiréttur
- Mannréttindadómstóll Evrópu

Álit umboðsmanns Alþingis

Nokkur mál þar sem reynir á svigrúm löggjafans til að breyta reglum um lífeyrisréttindi.

- Álit frá 30. nóv. 1989 (nr. 46/1988): Lög um LSR hafði verið breytt. Réttur hafði verið miðaður við síðasta starfshlutfall en var breytt á þá leið að miðað var við meðal starfshlutfall meðan greitt var í sjóðinn.
- gat verið hagstæðara eða óhagstæðara
- ekki farinn að taka lífeyri og ekki átt þess kost
- Álit frá 6. feb. 1992 (nr. 389/1991).
- Álit frá 17. ágúst 1995 (nr. 1313/1994) um lífeyrissjóð sjómanna. Sjóðfélagar á aldrinum 60-65 ára höfðu ákveðna sérstöðu um skerðingu. Meginþungi skertra réttinda hjá þessum aldurhóp.

- Réttindin til komin sem endurgjald fyrir vinnu og fyrir fjárframlög sjóðfélaga og njóta verndar eignaréttarákvæðis stjórnarskrár.
- Hins vegar er heimilt að breyta réttindum en þá þarf að gæta jafnræðis og málefnalegar ástæður þurfa að liggja að baki slíkum breytingum.

Hæstaréttardómar

H.1998:2140 (nr. 368/1997), Lífeyrissjóður sjómanna og íslenska ríkið gegn Svavari Benediktssyni

S hóf töku lífeyris á árinu 1991 er hann varð 60 ára, en þá voru í gildi lög nr. 49/1974. Á árinu 1994 tóku gildi ný lög nr. 94/1994. Ekki ákvæði í þeim hvernig skyldi fara með áunnin réttindi í sjóðnum en í þeim voru ákvæði sem sagði að nánari ákvæði skyldi setja í reglugerð.

Í reglugerðinni voru skerðingarákvæði til þeirra sem voru 60 – 65 ára.

H.1999:4769 (nr. 195/1999), Kjartan Ásmundsson g. Lífeyrissjóði sjómanna

K hóf töku örorkulífeyris á árinu 1979. Með lögum nr. 44/1992 var reglum um grundvöll örorkumats breytt – m.v. almenn störf.

- Tekið fram að lífeyrisréttur K nyti eignarréttarverndar og yrði hann ekki skertur nema með skýlausri lagaheimild.
- Hæstiréttur taldi skerðingu lífeyrisins hafa haft nægilega heimild í lögum.

Forsendur Hæstaréttar

„Á það er fallist með héraðsdómi að þau réttindi, er stefndi hafði áunnið sér samkvæmt lögum nr. 49/1974 til lífeyris, hafi notið verndar þágildandi 67. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, nú 72. gr., sbr. 10. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995. Þau réttindi urðu ekki af honum tekin nema með skýlausri lagaheimild í samræmi við ofangreint stjórnarskrárákvæði. Verður ekki talið að slík heimild hafi falist í lögum nr. 94/1994, sem ekki höfðu að geyma efnisleg ákvæði um lífeyrisréttindi sjóðfélaga. Var skerðing réttindanna með framangreindri reglugerð því ólögmæt.“

Forsendur Hæstaréttar

- Málefnalegar ástæður – hallarekstur sjóðsins.
- Almenn og tók með sambærilegum hætti til allra sem nutu eða gátu notið örorkulífeyris en fimm ára aðlögun gildi jafnt um alla sjóðfélaga – því jafnræðis verið gætt. Vínafundur til

Samanburður

- Af máli 1998:2140 má ráða að lífeyrisréttindi sem þegar eru orðin virk verði ekki skert nema með skýrri lagaheimild. Ekki tekin afstaða hvort skerðing hefði staðist ef lagaheimild verið fullnægjandi.
- Í máli 1999:4769 er lagaheimildin til staðar sem Hæstiréttur metur fullnægjandi.

Dómar Mannréttindadómstóls Evrópu

Kjartan Ásmundsson g. Íslandi, 12. október 2004.

Málið var borið undir MDE aðallega á grundvelli brots á jafnræði lífeyrisþega og að ekki hafi verið gætt meðalhófs.

Niðurstaða dómsins

- Fjárhagsörðugleikar sjóðsins geti ekki réttlætt að lítil minnihluti örorkulífeyrisþega (54) þyrftu að þola niðurfall allra réttinda. Heildarfjöldi örorkulífeyrisþega var 689.
- Kom harkalega niður á K sem hafði fengið greiddan örorkulífeyri í nærri 20 ár.

- Rétturinn féll niður og ástæður þess mátti ekki rekja til aðstæðna sem sjóðfélagi hafði yfir að ráða.
- Talinn þurfa að bera of miklar byrðar.

Málgrein 45

„Against this background, the Court finds that, as an individual, the applicant was made to bear an excessive and disproportionate burden which, even having regard to the wide margin of appreciation to be enjoyed by the State in the area of social legislation, cannot be justified by the legitimate community interests relied on by the authorities. It would have been otherwise had the applicant been obliged to endure a reasonable and commensurate reduction rather than the total deprivation of his entitlements.“

Jankovic g. Króatíu, 12.10.2000

- Skerðing á eftirlaunaréttindum hermanna í fyrrum Júgóslavíu.
- MDE taldi skerðinguna heimila.
- Lítið til óvenjulegra aðstæðna og að eftirlaunaréttur hermanna í júgóslavneska hernum var töluvert ríkari en almennur eftirlaunaréttur.

Stec o.fl. g. Bretlandi, 12. apríl 2006

- Reyndi á ólíkar reglur almannatrygginga til ellilífeyris og örorku eftir kynferði.
- Tekin hafði verið ákvörðun að jafna eftirlaunaaldur í þrepum.
- MDE taldi ákvörðun ríkisstjórnarinnar eðlilega og réttlætlega enda yrði að veita ríkisstjórnunum ákveðið svigrúm.
- Ekki talið brot á 1. gr. 1. samningsviðauka að teknu tilliti til 14. gr. MSE.

Zeman g. Austurríki, 29. sept. 2006

- Ólíkar reglur giltu um makalífeyri ríkisstarfsmanna eftir kynferði.
- Kærandi sem var karlmaður byggði á því að ef hann hefði verið kona í sambærilegri stöðu hefði hann fengið hærri makalífeyri.
- Fyrir MDE byggði kærandi á 1. gr. 1. samningsviðauka með hliðsjón af 14. gr. MSE.
- Í dóminum er tekið fram að 14. gr. banni ekki ríkjum að beita mismunandi reglum á mismunandi hópa. Slíkt þarf að byggja á hlutlægum og málefnalegum grundvelli og til að stuðla að lögmætu markmiði.
- Gæta verði meðalhófs þó ríki hafi mikið svigrúm við val á leiðum.
- Dómurinn vísar í niðurstöðu sína í Stec gegn Bretlandi en bendir á að aðstæður séu aðrar í þessu máli þar sem ekki liggja fyrir hlutlaus og málaefnaleg rök fyrir því að jafnrétti til lífeyris hafi ekki þegar verið náð til samræmis við stefnumörkun ríkisins frá árinu 1986.
- MDE taldi því að brotið hafi verið gegn 14. gr. MSE.

Hvað segja þessir dómur?

- Af dómum þessum má ráða að málefnaleg og sanngjörn skerðing á lífeyrisréttindum sem uppfyllir skilyrði um jafnræði og meðalhóf, brýtur ekki í bága við eignarréttarákvæði 1. gr., I. samningsviðauka við Mannréttindasáttmála Evrópu eða 14. gr. hans. (www.echr.coe.int)

Rök Hæstaréttar

- „Skiptir þá máli að heimild löggjafans er mun þrengri til að skerða virk lífeyrisréttindi en þau, sem einungis eru væntanleg þegar skerðingin öðlast gildi.“
- Fjárhagur bágu.
- Skerðing reist á almennum grundvelli og gætt jafnræðis.
- Skerðing verið innan þeirra marka sem eignarréttarákvæði stjórnarskrár setur.

Hvað er vert skoðunar?

- Í H.2000:1252, er talið að lög nr. 94/1994 feli í sér nægilega lagaheimild til skerðingar en í H.1998:2140 eru sömu lög ekki talin fullnægjandi lagastoð til skerðingar.
- Má álykta að vægari kröfur séu gerðar til lagastoðar þegar um er að ræða virk réttindi en þegar réttindin eru ekki orðin virk.
- Rýmri heimildir til að skerða réttindi sem aðeins eru væntanleg.

Mál nr. 101/2002, LH gegn Bergljótu Líndal

- Ekki metin réttindi á námstíma eftir lagabreytingu sbr. lög nr. 2/1997.
- Lög nr. 2/1997 voru sett í kjölfar endurskoðunar á lífeyrisréttindum í LH og lífeyriskerfi ríkisstarfsmanna.
- Fyrir breytingu átti B kost á að hefja töku lífeyris skv. eldri lögum – kaus að vinna áfram og ávann sér réttindi skv. nýjum lögum.
- Fyrirhuguð breyting verið kynnt sjóðfélögum.

Niðurstaða Hæstaréttar

- Ætla verður löggjafanum nokkurt svigrúm til að breyta reglum með hliðsjón af breyttum viðhorfum í þjóðfélaginu.
 - Líður í samræmingu á réttindum ríkisstarfsmanna í heild og rót að rekja til samningaviðræðna viðkomandi stéttarfélaga og ríkisvaldsins.
 - Breytingarnar almennar og málefnalegar og náðu jafnt til allra þeirra sem áunnið höfðu sér rétt á námstíma.
 - Sjóðfélagar fengu umtalsverðar bætur á ýmsum sviðum.
- Aukning/skerðing skv. 39. gr. I. nr. 129/1997
- Sjóður á að eiga fyrir skuldbindingum sínum.

Samantekt

- Lífeyrisréttindi eru vernduð af eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar.
- Ef breyta eða skerða skal réttindi þarf slíkt að gerast með skýlausri lagaheimild.
- Lagaheimild skal byggð á málefnalegum ástæðum og gætt skal meðalhófs og jafnræðis.
- Við samþykktarbreytingar ber að gæta meðalhófs og jafnræðis.

Í samningnum segir:

„Skyldutrygging í lífeyrissjóðum gerir kröfu til þess að engum manni verði skv. ákvæðum kjarasamninga gert að greiða iðgjöld til lífeyrissjóðs sem kann að vera ófær um að standa við loford um lífeyrisgreiðslur síðar meir.“

- Eðlileg vikmörk.
- Ákvæðið á rætur að rekja til samnings ASÍ og VSÍ um lífeyrismál frá 12. des. 1995.

Framkvæmdarverkefni framundan



Aðalfundi Samtaka aldraðra 2011 var mikil heiður sýndur með heimsókn Bjarkar Vilhelmsdóttur borgarfulltrúa og formanns Velferðarráðs sem meðal annars stýrir þjónustu við eldri borgara í Reykjavík og hefur með hendi að finna fram nýjungar á því sviði til hagsbóta fyrir okkur eldri borgara og Reykjavíkurborg. Samtök aldraðra harma því mjög að ekkert af því sem samtökin lögðu áherslu á þá eða síðar, við formann Velferðarráðs hafa átt framhaldslíf og engar nauðsynlegar samræður milli Samtaka aldraðra og Velferðarráðs um málefni eldri borgara í Reykjavík, hafa farið fram síðan.

Ljóst er að 500-600 félagar bíða tækifæris að taka þátt í byggingarframkvæmdum sem Samtök aldraðra standa fyrir eða kaupum á endursöluíbúð. Framkvæmdin við Sléttuveg er var aðeins 10% áfangi og Kópavogtún aðeins 4%. Framkvæmdirnar hingað til hafa skilað þeim árangri að eftirspurnin er mikill, líklega einnig vegna þeirra framkvæmdarskilyrða og kvaða sem um getur í samþykktum Samtaka aldraðra. Þannig er mikill áhugi til staðar að bæta við 18 íbúða húsi við Kópavogstún og bæjaryfirvöld í Hafnarfirði hafa líst yfir áhuga á samstarfi við samtökin í nálægð við væntanlegt hjúkunarheimili í Vallarhverfi þar í bæ.

Stjórnin hefur á grundvelli ábendinga frá Reykjavíkurborg og þess sem áður greinir, sent umsóknir til borgarinnar fyrir 3 lóðum, en þær eru við Bústaðarveg (gamla Fákssvæðið), úti í Skerjafirði, á lóð sem Skeljungur hafði áður og á Selásvæði sem er á svæði 110 en þar er hugsuð kjarnabyggð fyrir aldraða.

Umsóknin hefur verið lögð fyrir borgarráð 2009, en engin svör hafa borist. Þá hefur einnig verið sótt um lóðina Skógarvegur 16 2007 sem borgarráð afgreiddi til umsagnar embættismanna en engin svör hafa borist.. Ljóst er að þjónustumiðstöð sem Reykjavíkurborg hyggst reka í væntanlegri byggingu DAS við Skógarveg í Fossvogi er beðið með óþreyju hjá öldruðum í Sléttuvegshverfinu, enda þá þegar vel á þriðja hundrað íbúða þar og verða um 400 ef áætlanir ganga eftir. Þá hafa Samtökin lagt fram hugmyndir um þéttingu öldrunahverfis við þjónustumiðstöð Bólstaðarhlíðar með allt að 60-70 íbúðum fyrir aldraða. Hugmynd samtakanna er að samhliða verði byggð þjónustumiðstöð í tengslum við þessi hús fyrir hvíldar og dagvistunar innlagnir ásamt með aðstöðu fyrir sjúkrapjálfun, líkamsrækt og leiki. Þjónustumiðstöðin verði til þjónustu á greindum sviðum fyrir aldraða á Hlíðarsvæðinu, með þeirri þjónustu sem Reykjavíkurborg veitir í eldra þjónustuseli.

Þjónustumiðstöðin verður séreignarfélag í skjóli Samtaka aldraðra. Með slíkri þjónustu í nálægð íbúða aldraðra er hugað að því markmiði laga 125/1999 1. gr. segir um markmið þessara laga er að aldraðir eigi vól á þeirri heilbrigðis- og félagslegu þjónustu sem þeir þurfa á að halda og að hún sé veitt á því þjónustustigi sem er eðlilegast miðað við þörf og ástand hins aldraða. Því einnig er markmið laganna að aldraðir geti, eins lengi og unnt er, búið við eðlilegt heimilislíf en að jafnframt sé tryggð nauðsynleg stofnanarþjónusta þegar hennar er þörf. Reykjavíkurborg hefur þá þegar náð samkomulagi við Fjármálaráðuneytið um spildu úr lóð Kennaraháskóla eftir þrotlausu vinnu Hrólfs Jónssonar sviðstjóra hjá borginni.

Loks nýtt hjúkrunarheimili

Á undanförmum árum hefur verið mikil umræða um málefni aldraðra í þjóðfélaginu. Á þeim átta árum sem ég hef verið í forystu fyrir félagsmál í Hafnarfirði hefur umræðan tekið ótrúlegum breytingum. Horfið hefur verið frá þeim sjónarmiðum sem áður voru ríkjandi, að þegar fólk kæmist á tiltekinn aldur, þá væri eðlilegt að það flyttist á e.k. öldrunarstofnun, dvalarheimili eða hjúkrunarheimili. Viðhorfið endurspegladist í daglegu tali í því að talað var um „elliheimili“.



Guðmundur Rímar Arnason

Umræðan hefur breyst hratt. Nú er höfuðáherslan á sjálfstæða búsetu sé þess nokkur kostur. Stofnanaúrræðum er ekki beitt nema aðrar leiðir séu tæmdar. Í Hafnarfirði var unnin stefna í öldrunarmálum og lögð fram í febrúar 2006. Eftir henni hefur verið unnið síðan. Þar var lögð áhersla á fimm eftirfarandi þætti: 1) Aðgerðir til fækkunar rýma á Sólvangi; 2) uppbyggingu búsetu til að styðja við sjálfstæða búsetu aldraðra; 3) sérhæfða sjúkrahúsþjónustu og stofnanasjónustu fyrir aldraða; 4) miðstöð öldrunarþjónustu á Sólvangi; 5) undirbúningur að byggingu nýs hjúkrunarheimilis á Völlum samkvæmt nýrri hugmyndafræði.

Úr Fjarðarpóstinum 6. maí 2010

Sum þessara verkefna eru samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga, önnur eru einungis á hendi ríkisins og enn önnur alfarið á höndum sveitarfélaga. Allir þessir þættir hafa nú gengið eftir að miklu leyti, nema sá fjórði, enda erfitt um vik fyrir nýtt hjúkrunarheimili hefur tekið til starfa. Vonandi hefur heilbrigðisráðherra VG ekki aðra skoðun hvað þetta varðar en Jón Kristjánsson hafði árið 2006 og aðrir ráðherrar sem á eftir honum komu.

Stuðningur við sjálfstæða búsetu

Til að nefna nokkur atriði sem styðja við sjálfstæða búsetu, þá hefur verið tekin upp heimsending matar alla daga vikunnar, stóraukin heimaþjónusta og heimahjúkrun og dagþjálfun fyrir minnissjúka í Drafnarhúsi.

Sl. mánudag undirrituðu bæjarstjóri og félagsmálaráðherra samkomulag um nýtt hjúkrunarheimili á Völlum, sem áætlað er að verði tekið í gagnið árið 2012. Þetta er hvorki meira né minna en stórsigur í málefni sem Hafnarfirðingar hafa barist fyrir lengi – sumir í áratugi.

Höfundur er formaður fjölskylduráðs og forseti bæjarstjórnar.

Svo bregðast krosstré sem önnur tré.

Því miður.

Nú er apríl 2013 og ruglið hefur ekkert breyst; 400 rými vantar enn.

Til eru fræ sem aldrei verða blóm

Íbúðir til sölu



Sléttuvegur 13 - íbúð 302

- 2ja herbergja íbúð á 3. hæð, merkt 03-02 ásamt bílskúr er til sölu. Íbúðin er 69,6 m². Bílskúr 23,8 m².
- Sérgeymsla, 5,5 m², er á sömu hæð og íbúðin.
- Á stofu, eldhúsi og svefnherbergi er eikarparket. Vinyl öryggisdúkur á baðherbergi.
- Korkflísar á geymslu.
- Eldhúsinnrétting: Sýnilegir fletir eru plastlagðir. Hurðir og skúffur eru kantlímðar með beyki.
- Innihurðir og skápar eru spónlagðir með beyki.
- Í eldhúsi er keramik helluborð og vifta frá Scholtes.
- Veggir í baðherbergi eru flísalagðir að lofti. Handlaug í baðherbergi er innbyggð í innréttingu.
- Svölum er lokað að hálfu með gleri í álstoðum.
- Sameiginlegt þvottahús með þvottavél og þurrkara er á 1. hæð.
- Ágætt útsýni er í suður.
- Bílskúrinn er með heitt og kalt neysluvatn. Bílskúrinn er nr. 7.

Framreiknað verð, íbúð og bílskúr er kr. 26.630.000,-



Bólstaðarhlíð 45 íbúð 0102

- 2ja herbergja íbúð á 1. hæð, merkt 01-02 ásamt bílskúr er til sölu. Íbúðin er 42,9 m² og bílskúr 10 m².
- Sérgeymsla er á sameiginlegum gangi 1. hæð.
- Á stofu og svefnherbergi er harðparket.
- Á eldhúsi eru keramik flísar.
- Leifar á baðherbergi fyrir innanganghurð.
- Eldhúsinnrétting er nýleg og öplötur úr beyki.
- Handlaug er innbyggð í innréttingu.
- Sturtuklefi er í álstoðum.
- Svölum er lokað með einingum frá Gruggum & Gardhúsum
- Sameiginlegt þvottahús er á 1. hæð með þvottavél og þurrkara.

Framreiknað verð íbúð + bílskúr er kr. 21.140.000,-



Sléttuvegur 19 - íbúð 213

- 2ja herbergja íbúð á 2. hæð, merkt 02-13, er til sölu. Íbúðin er 77,8 m² samkvæmt fasteignaskrá Íslands. Sér geymsla með hillum er í kjallara 6,7 m².
- Parket úr eik er á stofu, herbergjum, eldhúsi og gangi. Öryggisdúkur á baði og þvottahúsi.
- Innihurðir, eldhúsinnrétting og skápar eru spónlagðir með eikarspæni.
- Keramik helluborð og bakaraofn. Háfur er yfir helluborði.
- Uppþvottavél og ísskápur með frystir fylgir með.
- Baðherbergisveggir eru flísalagðir í hæðina 210 cm. Innrétting er með innbyggðri handlaug. Tengimöguleiki fyrir þvottavél. Sturtuklefi er úr áli og hertu gleri.
- Svölum er lokað með hertu gleri. Svalagólf er flísalagt.
- Útveggir eru einangraðir að utan og klæddir með lituðu áli.
- Sameiginlegt þvottahús er í kjallara með þvottavél og þurrkara.
- Íbúðin er í mjög góðu standi. Nýmáluð. Gott útsýni.

Framreiknað verð er kr 29.220.000,-

Kópavogstún 2-4

Nokkrar íbúðir eftir!

Samtök aldraðra - Byggingarfyrtækið Dverghamrar



Nú eru framkvæmdir komnar á lokastig við þetta velbyggða hús á frábærum stað, við næsta nágrenni Sunnuhlíðar í suður hlíðum Kópavogs.

Samtök aldraðra í Reykjavík og byggingarfélagið Dverghamrar vinna að þessu 28 íbúða lyftuhúsi í sameiningu. Öllum íbúðum fylgir stæði í bílageymslu og íbúðirnar eru afhentar fullbúnar með gólfefnum, ísskáp og uppþvottavél.

Þær íbúðir sem eru lausar eru 2ja, 3ja herbergja íbúðir og þakíbúð.

Um er að ræða afar metnaðarfulla nýbyggingu á besta stað.

Afhending eignanna er áætluð 15. ágúst 2013.

Verð frá 28,0 - 75,0 millj.



Glæsilegt útsýni af annarri hæð.

Nánari upplýsingar;
Hjá Fasteignasölnunni Mikluborg, Síðumúla 13, Reykjavík, sími 569-7000 og
Samtökum aldraðra, sími 552-6410, Síðumúla 29, Reykjavík,
heimasíða samtakanna www.aldradir.is



GÆÐI Í VERKI

BYGGÐ Á ÁRATUGA REYNSLU

Atafl ehf er öflugt alhliða verktakafyrirtæki sem býr yfir viðurkenndri sérþekkingu og starfar víðsvegar um landið. Verkefnin eru fjölpætt og spanna víðtæk svið en sérgrein fyrirtækisins er mannvirkjagerð, viðhald og endurnýjun.

Starf fyrirtækisins er metnaðarfullt og beinist stöðugt að því að bæta og treysta þjónustu við viðskiptavinum ásamt því að auka hagkvæmni.

Atafl leggur áherslu á,

- Áreiðanleika í verki
- Góða þjónustu
- Vandaða þjónustu
- Hagkvæmni